



SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU



ÁRSSKÝRSLA 2019 - 2020

Ábyrgðarmenn

Árni Stefán Jónsson, formaður
Garðar Hilmarsson, varaformaður

Umsjón með útgáfu

Sólveig Jónasdóttir

Prófarkalestur

Stefanía Helga Skúladóttir

Forsíðumynd

Sólveig Jónasdóttir

Umbrot og prentun

Guðjón Ó – vistvæna prentsmiðjan



Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu

Grettisgata 89
105 Reykjavík
Símar: 525 8340, 525 8330
Netfang: sameyki@sameyki.is
www.sameyki.is

ISSN: 1670-881


Við erum Sameyki

Með sameiningu félaganna náðist afar mikil og sterk breidd í hóp félagsfólks Sameykis stéttarfélags og þetta fyrsta ár félagsins hefur einkennst af miklum og góðum fundahöldum með félagsfólki. Við erum fjölbreyttur hópur sem starfar hjá mörgum og mismunandi stofnunum og vinnustöðum. Öll eigum við það sameiginlegt að starfa í almannapjónustu. Stærstu hóparnir starfa hjá Reykjavíkurborg og ríki og er Landspítalinn stærsta einstaka ríkisstofnunin, en þar starfa um 1200 félagsmenn Sameykis.


Virkir Sameykisfélagar eru alls 11765 talsins. 65% þeirra (7593) eru konur og 35% karlar (4172). Meðalaldur virkra félaga er 40,6 ár. Stærsti hluti félagsmanna er búsettur á höfuðborgarsvæðinu.

Þeir sem hafa hætt störfum vegna aldurs eða örorku en kjósa að vera félagsmenn áfram eru skráðir í lífeyrisdeild félagsins og telur hún um 1900 manns í dag. Þannig að samtals teljum við um 13 þúsund manns.


Kynjaskipting félagsfólks Sameykis



Aldursskipting félagsfólks Sameykis




Búseta félagsfólks Sameykis



Í ársskýrslu stjórnar Sameykis er stiklað á stóru, enda er starfsemi félagsins afar umfangsmikil og fjölbreytt. Skýrslan er ekki tæmandi en ætti að gefa góða mynd af starfi félagsins og tengdra aðila. Sú hefð hefur skapast að í skýrslunni er ýmist miðað við almanaksárið eða starfsár stjórnar sem starfar á milli aðalfunda. Tímabilið sem ársskýrslan fjallar um er janúar 2019 til mars 2020. Tölulegar upplýsingar miðast þó yfirleitt við almanaksárið 2019. Öllum þeim fjölda fólks sem gegnt hefur trúnaðarstörfum fyrir félagið er þakkað gott starf í þágu félagsins á þessu fyrsta og mikilvæga mótunarári félagsins.



Sameyki verður til



Á aðalfundum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (St.Rv.) og SFR stéttarfélags í almannajónustu sem haldnir voru 26. janúar 2019 voru ný lög og heiti sameinaðs félags samþykkt. Félagið heitir Sameyki stéttarfélag í almannajónustu og er félagssvæði þess allt landið. Ákvörðun um sameiningu félaganna lá fyrir að lokinni allsherjaratkvæðagreiðslu í byrjun nóvember 2018 en þar samþykkti meirihluti félagsmanna í báðum félögum að félögin skyldu sameinast í eitt félag.

Eftir sameiningu eru félagsmenn um ellefu þúsund og starfa við almannajónustu hjá ríki, borg, sveitarfélögum og fyrirtækjum í meirihlutaeigu opinberra aðila. Sameyki stéttarfélag er því langfjölmennasta stéttarfélagið á opinberum markaði og mun gera kjarasamninga við 18 viðsemjendur. Flestir samningar félagsins voru lausir í lok mars 2020.

Á fundi hins sameinaða félags sama dag voru samþykkt ný lög. Þau fela það m.a. í sér að trúnaðarmenn sem skipa trúnaðarmannaráð gætu orðið allt að 350 talsins en fulltrúaráð er hins vegar um 100 manna hópur sem verður skipaður af stjórn félagsins, formönnum sjóða og 90 fulltrúum sem kosnir eru af trúnaðarmannaráði. Í lögum eru sérstök ákvæði þar sem þess er gætt að fulltrúarnir komi frá ákveðnum landshlutum og að þeir séu einnig fulltrúar allra kjarasamninga félagsins. Kosningar samkvæmt hinu nýja kerfi fóru fram í maí 2019.

Í bráðabirgðaákvæði laganna er meðal annars gert ráð fyrir því að stjórnir SFR og St.Rv. myndi stjórn Sameykis til næstu tveggja ára. Formaður Sameykis stéttarfélags er Árni Stefán Jónsson, áður formaður SFR, og varaformaður er Garðar Hilmarsson, áður formaður St.Rv.

Þá voru Orlofs- og verkfallssjóðir félaganna sameinaðir og munu Ólafur Hallgrímsson og Ingunn H. Þorkeldsdóttir skipta á milli sín formennsku á tímabilinu. Fyrirkomulag starfsmenntunarsjóða og styrktar- og sjúkrasjóða verður hins vegar óbreytt enn sem komið er. Á fundinum

var einnig ákveðið að félagsgjöld skuli vera 1% af heildarlaunum sem skiptast þannig að í Félagssjóð fari 87% og í Vinnudeilussjóð 13%.

Heiti félagsins

Blásið var til samkeppni um nýtt heiti félagsins og alls barst 291 tillaga um heiti félagsins frá rétt rúmum 200 félagsmönnum. Dómnefndin var skipuð tveimur fulltrúum frá hvoru félagi auk ráðgjafa frá auglýsingastofu sem einnig er íslenskufraeðingur. Dómnefndin skilaði nokkrum tillögum til stjórna félaganna sem lagði fram eina tillögu, Sameyki stéttarfélag í almannajónustu, fyrir aðalfund. Tillagan var samþykkt með þorra atkvæða og var höfundur heitisins, Margræti Högnadóttir, afhent verðlaun og blómvöndur.

Fimmtán manns skipa stjórn Sameykis, formaður og fjórtán meðstjórnendur og skulu þeir kosnir til þriggja ára. Í lögum er útskiptiregla, þ.e. sami maður má ekki gegna störfum formanns lengur en fjögur kjörtímabil og meðstjórnendum er ekki heimilt að sitja samfelld í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundinum:

Stærsti hluti félagsmanna Sameykis stéttarfélags í almannajónustu starfar á opinberum vettvangi við almannajónustu. Kjarasamningar meirihluta félagsmanna eru lausir í lok mars og munum við á næstu dögum setja okkur í samband við okkar stærstu viðsemjendur. Krafa um að vinnandi fólk geti lifað mannsæmandi lífi af launum sínum er grundvallar mannréttindakrafa. Jöfnun launa á milli vinnumarkaða er eitt af okkar mikilvægu málum sem við leggjum ríka áherslu á að verði lokið eins fljótt og auðið er. Auk þess viljum við tryggja að launaþróunartryggingin haldi sér.

Við sem störfum í almannajónustu þekkjum best hversu mikilvægt það er að hlúa að innviðum velferðarkerfisins og búa þannig um hnútana að það sé tryggt og öllum opið. Starfsmenn í almannajónustu hafa búið við mikið álag í langan tíma. Styttning vinnuvikunnar er því afar mikilvæg vegna vaxandi álags og streitutengdra sjúkdóma og skiptir miklu máli fyrir opinbera starfsmenn.

Við fögnum tillögum átakshóps um húsnæðismál sem hefur verið baráttumál lengi en leggjum áherslu á að þeim þurfi að fylgja eftir. Tillögur ASÍ um skattkerfisbreytingar tóna vel við stefnu BSRB í skattamálum, meðal annars um fjölgun skattþrepa og tókum við þeim því fagnandi. Sameyki stéttarfélag óskar þeim félögum sem nú standa í eldlínunni í kjarasamningsviðræðunum góðs gengis og munum við fylgjast vel með þróun mála.



Framhaldsaðalfundur Sameykis fór síðan fram 28. mars 2019 og var afar vel sóttur. Á fundinum voru m.a. lagðir fram ársreikningar St.Rv. og SFR og ársskýrslur félaganna. Þá fór Árni Stefán formaður Sameykis yfir verkefni hins sameinaða félags þessa fyrstu daga þess. Vinna við sameiningu orlofskerfis og hönnun merkis og útlits á félagið hafa verið tímafrek verkefni. Kosnir voru skoðunarmenn reikninga og löggildur endurskoðandi og var fjárhagsáætlun næsta árs einnig lögð fram til samþykktar.

Það er ekki boðlegt að öldruðum og öryrkjum sé skammtaður framfærslulífeyrir sem er undir lágmarkslaunum og þeim gert að lifa undir fátæktarmörkum sem er algerlega óásættanlegt og stjórnvöldum þessa lands til háborinnar skammar. Það ætti að vera forgangsverk stjórnvalda að útrýma fátækt á Íslandi en ekki að viðhalda fátækt á kerfisbundinn hátt.

Aðalfundur Sameykis krefst þess að dregið verði verulega úr tekjutengingu almannatrygginga og greiðslna úr lífeyrissjóðum. Það er grundvallaratriði að lífeyrir tryggi elli- og örorkulífeyrisþegum mannsæmandi lífskjör. Einfalda þarf almannatryggingakerfið og hafa það skilvirkara og notendavænna.

Eftirfarandi ályktanir voru samþykktar á fundinum:

Skattkerfið og ójöfnuður

Aðalfundur Sameykis stéttarfélags í almannajónustu vill brýna ríkisstjórnina til þess að vinna að því að skattkerfið sé nýtt sem jöfnunartæki. Aðalfundur Sameykis hafnar þeirri leið sem ríkisstjórnin hyggst fara, það er að láta lækkan skatta ganga upp allan launastigann og leggur áherslu á að fjármagnið sem sett verður í skattalækkanir sé fyrir lág- og millitekjuhópa. Aðalfundurinn skorar einnig á ríkisstjórn Íslands að taka auðlegðarskatt upp að nýju og innheimta sambærilegan skatt af fjármagnstekjum og innheimtur er af launum landsmanna. Þessir tveir þættir í skattheimtu geta leiðrétt til muna þann eigna- og tekjuójöfnuð sem hefur myndast í þjóðfélaginu.

#Metoo

#Metoo byltingin hefur skilað tímabærri vitundarvakningu um skaðsemi og útbreiðslu misréttis, kynbundins áreitnis, kynferðislegs áreitnis og ofbeldis, bæði á vinnumarkaði og í einkalífi. Aðalfundur Sameykis stéttarfélags í almannajónustu krefst þess að atvinnurekendur grípi til aðgerða til að útrýma þeirri meinsemi sem áreitni og ofbeldi er í heimi vinnunnar. Núgildandi reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum leggur ríkar skyldur á herðar atvinnurekenda um að fyrirbyggja og stöðva slíkt. Atvinnurekendur skulu axla ábyrgð sína með því að innleiða áætlanir í samræmi við lagaskyldu sem og að standa fyrir öflugum forvörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum. Þar með komumst við nær því að ákalli kjarkmikils fólks um að bætt samfélag verði að veruleika.

Kjör aldraðra og öryrkja

Samkvæmt stjórnarskrá Íslands og mannréttindasáttmálum eiga allir að vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti. Í lögum um málefni aldraðra segir að við framkvæmd þeirra skuli þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.

Stytting vinnuvikunnar

Aðalfundur Sameykis stéttarfélags í almannajónustu brýnir samningnefndir Sameykis til þess að standa fast á kröfunni um styttingu vinnuvikunnar í 35 stundir í dagvinnu og að vinnuvika vaktavinnufólks verði 80% af vinnutíma dagvinnufólks án launaskerðingar. Rannsóknir sýna að styttri vinnuvika leiðir til aukinnar ánægju í starfi og aukinna afkasta. Stytting vinnuvikunnar leiðir einnig til bættrar heilsu og aukinnar vellíðunnar fólks, minnkar líkur á kulnun í starfi og stuðlar að auknu jafnrétti kynjanna.

Hatursorðræða

Aðalfundur Sameykis stéttarfélags í almannajónustu lýsir andstöðu við frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á ákvæðum um hatursorðræðu í almennum hegningarlögum. Fundurinn skorar á ríkisstjórnina að draga frumvarpið til baka.

Skrifstofa

Annasamt hefur verið á skrifstofu Sameykis á fyrsta starfsári sameinaðs félags. Miklar skipulagsbreytingar voru innan félagsins þar sem skrifstofu var skipt upp í fjögur svið, þ.e. Kjara- og Rekstrarsvið og Félags- og Þjónustusvið. Þar af leiðandi urðu töluverðar breytingar á störfum flest allra starfsmanna. Starfsmenn hafa staðið sig með eindæmum vel í öllu þessu breytingarferli sem reynir á vilja þeirra til breytinga og sveigjanleika til þess að taka þátt í breytingarferlinu.

Verkefni skrifstofu eru að venju fjölbreytt. Mikið er lagt upp úr því að þjónusta félagsmenn sem allra best, hvort sem um ræðir aðstoð við kjara- og réttindamál, umsóknir í sjóði félagsins, umsóknir í orlofshús og aðra tengda þætti.

Mikill kraftur hefur farið í viðræður í kjaramálum sem hafa nú staðið yfir í rúmt ár. Það var töluvert flókið verk að ná saman sameinuðu félagatali.



Nokkuð þúður hefur farið í að finna nafn á félagið, merki og útbúa annað sem tengist sameinuðu félagi SFR og St.Rv, Sameyki.

Smíðuð var ný heimasíða og Facebook síða og auk þess var Sameyki skráð inn á Instagram. Allt er gert til þess að ná sem best til félagsmanna. Fram fóru kosningar trúnaðarmanna síðastliðið vor sem var töluvert átak þar sem skipulag þeirra mála hafði verið með ólíkum hætti hjá gömlu félögunum.

Skrifstofan heldur utan um allt félagsstarf og viðburði hjá félaginu, svo sem trúnaðarmannaráðsfundi, fulltrúaráðsfundi, stjórnarfundir og fundir nefnda og deilda innan félagsins.

Starfsmenn tóku þátt í starfsdegi ásamt stjórn félagsins í byrjun september þar sem þátttakendur fóru yfir helstu áherslur á næstunni en farið verður í meiri stefnumótunarvinnu þegar vinnu við kjarasamninga lýkur.

Stjórn Sameykis

Eftir sameiningu félaganna eru stjórnarmenn 21 samkvæmt bráðabirgðarákvæðum í lögum félagsins og verður stjórnin þannig skipuð fram að aðalfundi 2021, en eftir það eiga 15 manns sæti í stjórninni.

Árið 2019 var annasamt fyrir stjórn félagsins þar sem í upphafi árs fór fram sameining félaganna. Unnin voru drög að nýjum lögum fyrir félagið og fjölmargt annað hefur þurft að huga að í sameiningarferlinu sem stjórnarmenn hafa komið að.

Stjórnin fundar að öllu jöfnu hálfis mánaðarlega og á árinu 2019 voru haldnir 21 stjórnarfundir. Starfsdagur var haldinn með starfsmönnum á skrifstofu sl. haust þar sem farið var yfir hvernig sameiningin gengi og á hvað ætti að leggja áherslu. Stjórnarfolk hefur verið virkt í samningaviðræðum allt árið.

Stjórn Sameykis skipa:

Árni Stefán Jónsson formaður, Garðar Hilmarsson varaformaður, Ingibjörg Sif Fjeldsted ritari, Berglind Margrét Njálisdóttir, Bryndís Thedórsdóttir, Brynneir A. Brynneirsson, Elín Helga Sanko, Garðar Svansson, Gunnar Garðarsson, Gunnar Rúnar Matthíasson, Herdís Jóhannsdóttir, Ingunn Hafdís Þorlákssdóttir, Jóhanna Lára Óttarsdóttir, Jón Bergvinsson, Ramuné Kamarauskaite, Rut Ragnarsdóttir, Sigrún Helga Jónsdóttir, Sigurlaug Hrefna Sverrisdóttir, Viðar Ernir Axelsson, Þórdís Björk Sigurgestsdóttir og Þórey Einarssdóttir.





Trúnaðarmannakerfi Sameykis

Trúnaðarmannaráð

Trúnaðarmenn og stjórn Sameykis mynda saman trúnaðarmannaráð félagsins sem kosið er til tveggja ára í senn. Trúnaðarmenn eru u.þ.b. 300 talsins og eru helsta tenging stéttarfélagsins við vinnustaðina og starf þeirra því afar mikilvægt.

Kosning trúnaðarmanna fyrir kjörtímabilið 2019-2021 fór fram í maí 2019. Mikilvægt er að hafa trúnaðarmenn á öllum vinnustöðum og þar sem 5 starfsmenn eða fleiri félagar Sameykis eru á vinnustað er hvatt til kosninga eða skipun trúnaðarmanns. Hlutverk trúnaðarmanns felst m. a. í að gæta hagsmuna félagsmanna Sameykis á vinnustað, miðla upplýsingum á milli félagsmanna og Sameykis og gæta þess að kjarasamningar séu virtir. Hlutverkið er bæði fjölbreytt og gefandi og felur í sér tækifæri til að bæta við sig þekkingu og reynslu, jafnt á persónulegum grunni sem og starfslega. Hlutverk ráðsins er einnig að fjalla um þau málefni á fundum sínum sem snerta vinnu og aðstöðu trúnaðarmanna í störf-

um sínum ásamt fræðslu um þau þjóðfélagsmál sem hæst ber hverju sinni og að gagni koma í störfum trúnaðarmanna. Einnig er það hlutverk trúnaðarmanns að fjalla um kjara – og réttindamál starfsmanna, sérstakalega þegar gera á almenna kjarasamninga.

Allir félagsmenn geta boðið sig fram sem trúnaðarmenn.

Samkvæmt lögum Sameykis skulu að lágmarki vera tveir trúnaðarmannaráðsfundir á ári. Á síðasta ári voru haldnir 6 trúnaðarmannaráðsfundir og það sem af er 2020 hafa tveir fundir verið haldnir. Ástæðan fyrir þessum fjölda funda kemur til vegna stöðunnar í kjaraviðræðunum sem hafa staðið yfir í næstum ár.

Um 50% trúnaðarmanna sækja að jafnaði trúnaðarmannaráðsfundina. Sameyki hefur haft það sem markmið að halda fjölbreytta trúnaðarmannaráðsfundi þar sem reynt er að hafa



puttann á púlsinum og fjalla um þjóðfélagsmál og málefni félagsins. Meðal þeirra sem komu á fundi trúnaðarmannráðs á starfsárinu voru Ágústa Hrönn Gísladóttir forstöðumaður réttindamála hjá LSR lífeyrissjóði sem hélt erindi um lífeyrisréttindi í LSR. Jón Sigurðsson prófessor á Bifröst kom og hélt afar athyglisvert erindi um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði og kynnti lausnir sem starfshópur sem hann leiddi, lagði fram. Björn Traustason framkvæmdastjóri íbúðafélagsins Bjargs skýrði frá stöðu verkefna hjá íbúðafélaginu. Ágúst Arnarson hagfræðingur fjallaði um launaskriðs- og launaþróunartryggingu og breytingar á fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Þar að auki voru fjölmörg erindi um starfsemi stéttarfélagsins, sjóði og önnur réttindi sem félagsmenn hafa.

Desemberfundurinn var hefðbundinn jólafundur og að venju voru dagskrárliðir í léttari kantinum. Andri Snær Magnason kom og fjallaði um bók sína *Tíminn og vatnið* og í lok fundar flutti Ágústa Eva Erlendsdóttir nokkur lög við undirleik Bjarna Frímanns Bjarnasonar. Einnig var farið yfir áherslumál BSRB og stöðuna í kjaraviðræðunum.

Í nýju sameinuðu félagi eru trúnaðarmenn alls 300 og því ljóst að húsnæðið á Grettisgötu 89 sem hingað til hefur hýst fundi trúnaðarmanna í fyrrverandi félögum er of lítið fyrir trúnaðarmannaráð Sameykis. Fundirnir á árinu hafa því verið haldnir í Gullhömrum í Grafarholti og hefur það mælst vel fyrir, ekki síst þegar fólk fór að venjast því að vera á nýjum stað.

Árið markaðist mikið af sameiningu SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og skipulagsvinnu í kjölfar hennar, en einnig af mikilli vinnu í tengslum við kjarasamninga félagsins sem flestir runnu út í lok mars og apríl 2019. Umsjón með trúnaðarmannakerfinu og tengiliður Sameykis við trúnaðarmenn er Kristín Erna Arnardóttir, sérfræðingur á félagssviði.

Fræðsla fyrir trúnaðarmenn er í formi námskeiða og fræðslumorgna sem reynt er að halda fyrir hádegi sama dag og trúnaðarmannaráðsfundina. Sameyki býður upp á 3ja daga grunnnámskeið í samvinnu við BSRB en auk þess hafa trúnaðarmenn aðgang að 6 þrepa námskeiðum sem haldin eru af Félagsmálaskóla alþýðu. Umsjón með fræðslu fyrir trúnaðarmenn hefur Jóhanna Þórdórsdóttir, fræðslustjóri.

Vinnustaðafundir

Þegar líða fór á árið og ljóst var að lítið miðaði í samningaviðræðunum var ákveðið að heimsækja vinnustaði og kanna hug félagsmanna gagnvart hugsanlegum aðgerðum. Haldnir voru 17 fundir í stofnunum, skólum og frístundaheimilum á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess voru fundir á Akranesi og Akureyri.

Stefna

Stefna Sameykis er að vera í fararbroddi um faglega uppbyggingu trúnaðarmannastarfs enda eru trúnaðarmenn fulltrúar félagsmanna á vinnustöðum. Að þekking trúnaðarmanna á kjaramálum, þátttaka þeirra í starfi Sameykis og vinna þeirra við að gæta hagsmuna félagsmanna verði ávallt til fyrirmyndar.





Kjaramál

Félagsmenn Sameykis eru eftir sameiningu ríflega 11 þúsund og eru dreifðir út um allt land. Félagið gerir 20 kjarasamninga við marga mismunandi aðila; ríkið, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og opinber hlutafélög innan SA. Einnig gerir félagið sérstaka samninga við Strætó, Faxe-flóahafnir, Isavia, Fríhöfnina, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV), Ás styrktarfélag og ýmsar sjálfseignastofnanir. Auk þessa gerir Sameyki stofnanasamninga við allar stofnanir ríkisins sem eru rúmlega 160 og kemur að starfsmati starfsmanna hjá Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stofnanasamningar eru hluti af kjarasamningum við ríkið og eru í stöðugri þróun og endurskoðun og þá kemur mikilvægi samstarfsnefnda innan hverrar stofnunar í ljós.

Trúnaðarmannaráð Sameykis hefur það hlutverk m.a. að fjalla um kjara- og réttindamál, ekki síst þegar kemur að kjarasamningagerð. Fulltrúaráð Sameykis er kosið af trúnaðarmannaráði og fjallar ráðið einnig um kjara- og réttindamál

en annast einnig undirbúning kjarasamninga. Því eru reglulegir fundir í trúnaðarmannaráði og fulltrúaráði afar mikilvægt innlegg í kjarasamningagerð og við þróun stofnanasamninga ríkisstofnana og starfsmat sveitarfélaga.

Sameyki á einnig gott samstarf við BSRB og önnur aðildarfélög við gerð kjarasamninga, stofnanasamninga, starfsmat og önnur kjaratengd mál.


Ár kjarasamningsviðræðna

Starfsárið 2019 á kjarasviði markaðist fyrst og fremst af því að samningar sem gerðir voru á opinbera vinnumarkaðnum 2015 voru lausir 1. apríl 2019. Því var skrifað undir viðræðuáætlanir við stærstu viðsemjendur Sameykis í janúar 2019 með það að markmiði að „samningur tæki við af samningi“ í samræmi við markmið aðila vinnumarkaðarins. Í kjölfarið hófust viðræður þar sem Sameyki lagði fram kröfugerðir gagnvart hverjum og einum viðsemjanda.



Þrátt fyrir tugi funda milli aðila tókst aðilum ekki að ná saman. Engu að síður var þó skrifað undir samkomulag um styttingu vinnuvikunnar meðal dagvinnufólks en virkjun samkomulagsins bíður enn undirritunar heildarsamnings. Í kjölfarið fór af stað vinnuhópur allra aðila við „stóra borðið“ sem hafði það markmið að útfæra styttingu vinnuvikunnar fyrir vaktavinnufólk þar sem tekið væri sérstakt tillit til þess álags sem fylgir kvöld-, helgar- og næturvinnu. Vinnan gekk hægt eins og annað í þessum kjarasamningum og ekki tókst að ljúka henni fyrir áramótin 2019-2020.

Samhliða átökum um styttingu vinnuvikunnar var tekist á um launakröfur allt árið 2019 þar sem fulltrúar vinnuveitenda horfðu til hins svonefnda Lífskjarasamnings sem gerður var á almenna vinnumarkaðnum. Þar var samið um 90.000 kr. hækkun launa til ársins 2021 fyrir starfsfólk á launatöxtum en 68.000 kr. fyrir þá sem fá greitt yfir taxa og fara í launviðtal ár hvert. Starfsfólk á opinbera vinnumarkaðnum fær greiðslur samkvæmt launatöxtum og því kom það stéttarfélögum mjög á óvart að viðsemjendurnir voru meira og minna allt árið að þráast við að bjóða okkar félagsmönnum einungis 68.000 kr. hækkun. Þá var einnig tekist mjög á um fjölgun orlofsdaga fyrir þá sem eru yngri en 38 ára þar sem markmið stéttarfélaganna var að koma í veg fyrir aldursmismunun og tryggja öllum 30 daga orlofsrétt. Eins og með margt annað í þessum kjarasamningum hefur viðkvæði viðsemjenda verið það að allar umbætur sem farið er fram á skuli með einhverjum hætti vera „greitt“ með því að draga úr réttindum starfsmanna á öðrum



Meginkröfur gagnvart öllum atvinnurekendum voru eftirfarandi:

- Að hækka laun og auka kaupmátt.
- Að stytta vinnuviku.
- Jöfnun launa milli almenna markaðarins og opinbera markaðarins, sbr. samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda 2016.
- Launaþróunartrygging til framtíðar.
- Að unnið verði að útrýmingu kynbundins launamunar.
- Framlag í sjúkra- og styrktarsjóð verði 1%.
- Að framlög til starfsmenntunar verði sambærileg við aðra kjarasamninga.

Nánari útfærslur á kröfum voru svo unnar gagnvart hverjum og einum viðsemjenda með viðkomandi samninganefndum Sameykis. Í stuttu máli sagt tókst ekki að ná samningum áður en kjarasamningarnir runnu út. Viðræður héldu því áfram fram á sumar þar sem aðilar tókust á við ýms stór mál sem að jafnaði hafa ekki fengið viðlíka umfjöllun og nú en þau eru t.d. stytting vinnuvikunnar og jöfnun launa milli markaða. Ákveðið var að færa vinnslu slíkra mála yfir á það sem kallað er í daglegu máli „stóra borðið“ en þar koma saman fulltrúar stærstu vinnuveitenda eins og ríkisins, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga ásamt heildarsamtökum launafólks, þ.e. BSRB og BHM.

Þegar líða fór að júní varð aftur ljóst að samningar væru ekki að nást og því var ákveðið að endurnýja viðræðuáætlanirnar í júní ásamt því að aðilar vinnumarkaðarins samþykktu að greiða innágreiðslu vegna nýs samnings upp á 105.000 kr. 1. ágúst gegn friðarskyldu sem ríkti til 15. september.



Kjarasamningur við Reykjavíkurborg undirritaður 9. mars 2020.





Baráttufundur á Ísafirði.

sviðum. Þetta höfum við kallað í daglegu tali kröfuna um að „hella á milli glasa“ sem gerir það að verkum að þegar á heildina er litið nást ekki þær umbætur sem stefnt er að.

Í október 2019 var það mat Sameykis að við þessa hreyfingalitlu stöðu væri ekki lengur unað og var því viðræðum við ríkið og Reykjavíkurborg vísað til Ríkissáttasemjara. Sáttasemjari tók þá við skipulagi og stjórn funda fram að jólum en þá var orðið ljóst að árið 2019 myndi líða án þess að samningar næðust. Eftir áramót heldu samingaviðræður áfram bæði á „stóra borðinu“ og milli Sameykis og stærri viðsemjenda úr hópi atvinnurekenda.

Baráttuvilji

Árið byrjaði með yfir tuttugu vinnustaðafundum með félagsfólki þar sem farið var ítarlega í stöðu mála í kjarasamningsviðræðunum. Á fundinum kom meðal annars fram skýr vilji félagsmanna til aðgerða. Í lok janúar var síðan haldinn afar fjölmennur baráttufundur í Háskólabíó með öðrum aðildarfélögum BSRB og tóku félagar okkar um allt land þátt í gegnum fjárfundarbúnað. Um svipað leyti var trúnaðarmannaráði Sameykis nóg boðið þar sem enginn sýnilegur árangur var af viðræðunum sem höfðu þá staðið í hartnær eitt ár. Ákvað þá trúnaðarmannaráðið að boða til kosninga um verkfallsaðgerðir í mars 2020 meðal starfsmanna ríkisins, Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar og Seltjarnarneskaupstaðar í samfloti við fjölda stéttarféлага innan BSRB.

Þátttaka innan Sameykis var mjög góð eða í kringum 60% þar sem hátt í 90% félagsmanna samþykktu verkfallsboðunina.

Í lok febrúar náðist samningur við Faxaflóahafnir og í byrjun mars við Strætó. Samningar við þrjá af stærstu viðsemjendum Sameykis náðust loks og voru undirritaðir aðfaranótt 9. mars þegar aðeins nokkrar klukkustundir voru liðnar af verkfalli.

Jöfnum kj



Örin – eitt samfélag fyrir alla



1. maí var haldinn hátíðlegur víða um land undir yfirskriftinni hér að ofan. Myndirnar sýna stemninguna í Reykjavík þar sem gengið var frá Hlemmi og niður á Ingólfstorg. Þar frumsýndi stoltur hópur nýjan fána sameinaðs félags í glæsilegri fánaborg.





Stofnun ársins 2019

Valið á Stofnun ársins 2019 var kynnt við hátíðlega athöfn á Hilton Nordica 15. maí 2019 en titlana Stofnun ársins og Fyrirmyndarstofnun hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr að mati starfsmanna. Valið er byggt á svörum rúmlega 10 þúsund starfsmanna í einni stærstu vinnumarkaðskönnun landsins.

Stofnanir ársins 2019 eru Frístundamiðstöðin Tjörnin, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Persónuvernd, Skrifstofa velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Ríkisendurskoðun. Hástökkvarar ársins eru Skrifstofa Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra.

Markmiðið með því að velja fyrirmyndarstofnanir er að hvetja stjórnendur að gera vel í starfsmannamálum og að auka umræðu um aðbúnað og líðan starfsmanna á vinnustöðum. Í könnuninni eru þátttakendur spurðir út í níu þætti í starfsumhverfinu þ.e. trúverðugleika stjórnenda, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í starfi, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægju og stolt og jafnrétti. Niðurstöður könnunarinnar 2019 sýndu m.a. að álag og streita í starfsumhverfi jókst á milli ára og þátturinn sem mælir tilfinningu starfsmanna fyrir jafnrétti á vinnustöðum tók stóran kipp upp á við. Því má eflaust þakka vitundarvakningu um jafnréttismál, til dæmis í tengslum við #metoo og beinna aðgerða á vinnustöðum svo sem innleiðingu jafnlaunastaðals, tilraunaverkefnum um styttingu vinnuvikunnar og fleiru. Ánægja með launakjör skorar enn lægst allra þátta.

Rannsóknarstyrkur

Bryndís Theódórsdóttir MA nemi í opinberri stjórnsýslu hlaut styrk frá Sameyki stéttarfélagi upp á 750 þúsund krónur til þess að rannsaka tengsl vinnumhverfis og veikindafjarvista kvenna hjá ríkinu. Styrkurinn er veittur í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og mun Bryndís, sem er í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu eins og áður sagði, nýta niðurstöður úr könnuninum um Stofnun ársins síðastliðin ár og bera saman þær niðurstöður við veikindafjarvistir starfsmanna sömu stofnana og skoða hvort fylgni sé á milli einhverra þátta og fjölda veikindadaga.

Málþing

Í tengslum við könnunina um Stofnun ársins var haldið afar vel sótt málþing sem fjallaði um álag og streitu í starfi. Könnunin okkar sýndi að mun fleiri upplifðu álag og streitueinkenni nú en áður og því var ákveðið að bjóða forstöðumönnum stofnana, mannauðsstjórum og fulltrúum Sameykis og annarra opinberra stéttarféлага á málþing um efnið. Erindi fluttu Helgi Héðinsson sálfræðingur hjá Lífi og Sál en hann fjallaði í upphafi um muninn á milli streitu og kulnunar og lagði áherslu á að örlítil streita í stuttan tíma væri ekki hættuleg. Ragnheiður E. Stefánsdóttir mannauðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur sagði frá verkefni sem þau vinna í



samstarfi við Institute of Stress Medicine í Svíþjóð þar sem fókusinn er settur á vinnustaðinn og það sem hægt er að breyta þar. Margrét Hauksdóttir forstjóri Þjóðskrár Íslands sagði frá áhrifum styttingu vinnuvikunnar á streitu og vellíðan starfsmanna. Lóa Birna Birgisdóttir deildarstjóri starfsumhverfis og starfsþróunar hjá Reykjavíkurborg sagði frá afar skemmtilegu verkefni hjá borginni, Heilsuleikunum. Í því felst allsherjar hvatning og áskorun til starfsmanna borgarinnar sem samtals eru 9000 manns. Sverrir Jónsson skrifstofustjóri Kjara- og mannauðssýslu ríkisins og Ragnhildur Ísaksdóttir

starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar tóku síðan þátt í pallborðsumræðum í lokin. Hjá þeim báðum kom fram mikil ánægja með málþingið og tækifærið til þess að eiga samtál um þetta mikilvæga málefni og geta þannig lært hvert af öðru.

Málþingið þótti takast afar vel en þetta er í annað sinn sem slíkt málþing var haldið í tengslum við Stofnun ársins. Þegar er hafinn undirbúningur að málþinginu 2020 þar sem fókusinn verður settur á framtíðarvinnu- markaðinn.




Launakönnun 2019

Í febrúar 2019 var hin árlega launakönnun lögð fyrir félagsfólk. Þetta er þrettánda árið sem könnunin er lögð fyrir með þessum hætti og samanburðurinn sem hún gefur er afar mikilvægur. Síðustu ár hafa SFR og St.Rv. staðið saman að gerð launakönnunar fyrir hvort félag um sig en nú var í fyrsta skipti um sameiginlega könnun að ræða þó að launatölur hafi verið birtar í sitthvorum lagi. Launakönnunin veitir mikilvægar upplýsingar um starfskjör félagsmanna. Félagsmenn eiga þess kost að bera laun og starfskjör sín saman á milli ára og fylgjast með launaþróun í sinni starfsgrein sem og almennt. Mikilvægur þáttur í könnuninni er samanburður á starfskjörum á opinberum og almennum markaði þar sem VR gerir sams konar könnun.

Laun eftir atvinnurekanda

Spurt var um laun fyrir janúarmánuð þ.e. laun sem greidd voru í byrjun febrúar 2019. Í fyrsta skipti eru niðurstöður nú skoðaðar eftir atvinnurekanda en áður hafa þau verið skoðuð eftir hvoru félagi um sig. Starfsfólk í fyrirtækjum borgarinnar hafa hæstu heildarlaunin, tæp 645 þúsund á mánuði að meðaltali. Lægstu heildarlaunin að meðaltali eru greidd hjá borginni og eru þau tæp 579 þúsund á mánuði. Hæstu grunnlaunin eru tæplega 496 þúsund að meðaltali hjá sjálfseignarstofnunum og opinberum hlutafélögum í eigu ríkisins. Lægst eru launin hjá öðrum sveitarfélögum en Reykjavík, eða tæp 460 þúsund að jafnaði. Hjá borginni eru þau nánast þau sömu, eða tæp 462 þúsund að meðaltali fyrir fullt starf.



Mynd 2: Meðalheildarlaun eftir atvinnurekanda miðað við fullt starf. Laun þeirra sem voru í 70-99% starfshlutfalli eru uppreiknuð miðað við 100% starfshlutfall.

Launamunur eftir kyni, menntun og aldri

Aldurshópurinn 50-59 ára fær hæstu grunnlaunin en aldurshópurinn 40-49 ára er að jafnaði með hæstu heildarlaunin. Yngsti aldurshópurinn (yngri en 30 ára) er með 88% af heildarlaunum 40-49 ára hópsins.

Grunn- og heildarlaun hækka í samræmi við menntun. Fólk með grunnskólapróf eða skemmri menntun hefur að meðaltali um 82% af heildarlaunum fólks með háskólamenntun.

Að meðaltali vinnur fólk í fullu starfi um 43 stundir á viku. Karlar vinna um 4 stundum lengur en konur. Ekki er munur á vinnustundum eftir aldri. Fólk í öryggis- og eftirlitsstörfum vinnur lengsta vinnuviku, eða um 46 tíma á viku, en skemmsta vinnuviku vinnur skrifstofufólk og fólk við skrifstofu- og afgreiðslustörf í bland.

Konur hafa um 95% af grunnlaunum karla og 85% af heildarlaunum karla að meðaltali. Konur í fullu starfi sem áður tilheyrðu SFR hafa að meðaltali 7% lægri grunnlaun en karlar í fullu starfi en 18% lægri heildarlaun. Kynbundinn launamunur, þ.e. óútskýrður launamunur, er 10%.

Ekki mælist kynbundinn eða óútskýrður launamunur í þeim hópi félagsmanna sem áður tilheyrðu St.Rv. Konur og karlar í fullu starfi hafa sömu grunnlaun en konur hafa að meðaltali 7% lægri heildarlaun en karlar í fullu starfi. Þessum niðurstöðum má skipta gróflega niður á vinnustaði, mikill meirihluti hópsins sem áður tilheyrði St.Rv. er starfsfólk Reykjavíkurborgar en meirihluti hópsins sem áður tilheyrði SFR eru ríkisstarfsmenn.

Ef þessar tölur eru teknar saman fyrir Sameyki í heild eru konur með 92% af tímakaupi karla, sé heildarlaunum deilt niður á vinnustundir, eða 8% lægra tímakaup en karlar. Til samanburðar þá mælist óleiðréttur launamunur kynjanna 15% hjá Hagstofu árið 2017. Hann mælist minni hjá sveitarfélögum (9%) en hjá ríki (16%) og einkamarkaði (16%). Niðurstaða Sameykis nú er því talsvert lægri en í mælingum Hagstofu fyrir árið 2017.

Fulltrúaráð

Hlutverk fulltrúaráðs Sameykis er að vinna að stefnumótun fyrir félagið í samráði við stjórn. Fulltrúaráðið annast einnig undirbúning fyrir aðalfund félagsins, þar á meðal að kjósa uppstillingarnefnd og laganefnd þegar það á við. Á fundum fulltrúaráðs skal m.a. gerð grein fyrir fjárhagsstöðu sjóða félagsins og lögð fram skýrsla yfir starfsemina einu sinni á ári.

Fulltrúaráðið ákveður hvaða fastanefndir skulu starfa, setur þeim reglur og kys í þær. Fulltrúaráð getur einnig stofnað aðrar nefndir eða vinnuhópa innan félagsins í kringum sérstök verkefni. Fulltrúaráðið fjallar eins og trúnaðarmannaráðið um kjara- og réttindamál og annast undirbúning kjarasamninga.



Fulltrúaráðið er skipað stjórn félagsins, formönnum sjóða félagsins og 90 fulltrúum sem kosnir eru af trúnaðarmannaráði á fyrsta trúnaðarmannaráðsfundi að hausti eftir kosningu á oddatöluári. Við kosningu fulltrúa í fulltrúaráðið skal tryggt að tveir fulltrúar að lágmarki séu frá eftirtöldum landshlutum: Vesturlandi, Vestfirðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi. Einnig skal vera tryggt að kjarasamningur ríkisins/sjálfsseignarstofnanir, (10 fulltrúa), (2) kjarasamningur sveitarfélaganna/sjálfsseignarstofnanir (10 fulltrúa), (3) kjarasamningur – SA og annarra sem félagið gerir kjarasamning við (5 fulltrúa).

Formaður félagsins er jafnframt formaður fulltrúaráðs. Trúnaðarmannaráð setur nánari reglur um framkvæmd kosninga í fulltrúaráði.

Á fundi trúnaðarmannaráðs Sameykis þann 11. september 2019 var kosið í fulltrúaráðið. Fyrsti fundur Fulltrúa-



ráðsins var svo haldinn miðvikudaginn 16. október og þá var tekin ákvörðun um fastanefndir Sameykis og kosið í þær.

Einungis tveir fundir Fulltrúaráðs hafa verið haldnir á tímabilinu þar sem verkefni Sameykis hafa einkennst af kjaraviðræðunum sem staðið hafa yfir frá því í apríl 2019.

Fastanefndir félagsins tóku til starfa í haust og hafa haldið 2-4 fundi á tímabilinu. Fyrstu verkefni nefndanna á þessum fyrstu fundum hafa verið að leggja línurnar varðandi starfið framundan og móta stefnu. Sú vinna mun halda áfram.

Nefnd um jafnréttismál hefur það hlutverk að vinna tillögur um stefnu í jafnréttismálum innan Sameykis. Hún skal fylgjast með kynbundinni mismunum, vera vakandi fyrir kynbundinni mismunum á vinnustöðum og í starfi Sameykis og koma með ábendingar til stjórnar. Nefndin á einnig að hvetja til aukinnar umræðu um jafnréttismál innan Sameykis sem utan.

Nefndina skipa: Herdís Jóhannsdóttir formaður, Ásta Hrönn Ásgeirsdóttir, Elva Sveinsdóttir, Guðbjörg Erna Erlingsdóttir, Judit Varga, Kári Sigurðsson og Sigurður Andrean Sigurgeirsson. Sólveig Jónasdóttir frá skrifstofu Sameykis starfar með nefndinni.

Nefnd um Umhverfis- og loftslagsmál skal vinna tillögu að umhverfisstefnu fyrir Sameyki og koma með hugmyndir um hvernig Sameyki getur veitt stjórnvöldum og atvinnurekendum aðhald í loftslagsmálum. Nefndin skal koma með tillögur um það hvernig félagið getur aukið meðvitund félagsmanna og haft áhrif til vistvænni lifnaðarháttá.

Nefndina skipa: Bryngeir A. Bryngeirsson formaður, Anna Pálína Jónsdóttir, Bjarni Benedikt Bjarnason, Hjörtur Árnason, Pétur Ásbjörnsson, Stella Aðalsteinsdóttir og Þorsteinn Jónsson. Jakobína Þórðardóttir frá skrifstofu Sameykis starfar með nefndinni.

Nefnd um félagsleg málefni skal vera stefnumótandi um upplýsingamiðlun til félagsmanna t.d. með útgáfu blaðsins, efni á vef og þátttöku á samfélagsmiðlum. Markmið nefndarinnar skal vera að auka tengsl við félagsmenn og efla samheldni og félagsanda meðal félagsmanna.

Nefndina skipa: Rut Ragnarsdóttir formaður, Áslaug Finnsdóttir, Egill Kristján Björnsson, Gerður Magnúsdóttir, Inga Lára Pétursdóttir, Sigurður Svanur Pálsson og Daði Sigmarsson. Kristín Erna Arnardóttir frá skrifstofu Sameykis starfar með nefndinni.

Nefnd um framtíðarvinnumarkaðinn fjallar um breytingar á vinnumarkaði vegna fjórðu iðnbyltingarinnar og annara fyrirsjáanlegra breytinga s.s. aldurssamsetningu þjóðar, fjölþjóðlegra samfélagi og græna hagkerfisins. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um og koma með hugmyndir um hvernig Sameyki getur sem best undirbúið félagsmenn undir breytingar á vinnumarkaði, skoði hvernig vinnustaðir komi til móts við starfsmenn með sí- og endurmenntun og þjálfun í ný störf.

Nefndina skipa: Ramuné Kamarau-skaite formaður, Baldur Vignir Karlsson, Bergþóra Skarphéðinsdóttir, Margrét Högnadóttir, Höskuldur Einarsson, Sólrún Færset og Ragnheiður Hansen. Jóhanna Þórdórsdóttir frá skrifstofu Sameykis starfar með nefndinni.


Upplýsinga- og útgáfumál

Nýr vefur Sameykis

Nýr vefur Sameykis var opnaður 4. september 2019. Hann er unninn í samstarfi við Advania og settur upp í vefumsjónarkerfinu Lisu. Markmiðið var að smíða vef sem myndi þjóna öllu félagsfólki Sameykis sem best. Vefurinn er ekki einungis hugsaður til upplýsingamiðlunar heldur fara einnig fjölmargar afgreiðslur mála gegnum hann. Því þurfti að setja upp sameiginlegt umsóknarkerfi gegnum Mínar síður, tengja nýjan orlofsvef Frímanns við hann o.fl.

Þegar lykiltölur fyrir www.sameyki.is síðustu fjóra mánuði ársins 2019 eru skoðaðar kemur eftirfarandi í ljós:

- 70.703 heimsóknir, eða 17.676 heimsóknir að meðaltali í hverjum mánuði.
- 30.784 notendur komu á síðuna, sem er að meðaltali 7.696 í hverjum mánuði.
- Notendur skoðuðu að meðaltali 2,74 síður í hverri heimsókn og dvöldu að meðaltali í 2 mínútur og 17 sekúndur á síðunni.
- 44,17% heimsókna á vefinn koma frá snjalltækjum, þar af eru 39,44% frá snjallsímum og 4,95% frá spjaldtölvum.
- 45,85% þeirra sem skoða vefinn eru konur og 54,15% eru karlar.
- Heimsóknarmetið á árinu 2019 var 1.472 heimsóknir 10. september. Til gamans má geta þess að 6.753 heimsóknir komu 17. febrúar en þann dag hófst atkvæðagreiðsla um boðun verkfallsaðgerða.



Mínar síður Sameykis opnuðu 10. september en þar geta félagsmenn sótt um styrki í þeim sjóðum sem heyra undir þeirra kjarasamninga. Eitthvað hefur borið á hægagangi í umsóknarferlinu og er verið að vinna að úrbótum á því sem vonandi klárast á fyrsta ársfjórðungi 2020.

Hér fyrir neðan eru lykiltölur frá síðustu 4 mánuðum ársins 2019:

- 9.260 innskráningar.
- Notendur skoðuðu að meðaltali 4,37 síður í hverri heimsókn og dvöldu að meðaltali í 4 mínútur og 45 sekúndur á Mínum síðum í hverri heimsókn.
- Um 28,2% innskráninga koma frá snjallsímum og 3,7% úr spjaldtölvum.
- Flestar skráningar inn á Mínar síður voru 7. nóvember eða 169 en þann 17. febrúar 2020, þegar atkvæðagreiðsla um boðun verkfallsaðgerða hófst, þá voru innskráningar 4251.



Facebook

Sameyki hefur nýtt sér Facebook frá stofnun félagsins. Fylgjendur eru nú tæplega 6000 og hefur fjöldi þeirra aukist jafnt og þétt. Félagið hefur einnig stofnað lokaðan Facebook hóp fyrir trúnaðarmenn þar sem þeir geta meðal annars fylgst með beinum útsendingum trúnaðarmanna-funda.

Instagram

Þau stórmerku tíðindi gerðust á árinu að Sameyki opnaði reikning á Instagram á haustmánuðum. Þar hefur fylgjendum fjölgað jafnt og þétt síðustu mánuði og eru þegar þetta er skrifað tæplega 200 talsins. Á Instagram eru birtar mikilvægar upplýsingar í formi auglýsinga.

Veffréttabréf

Veffréttabréf er sent reglulega á netfang félagsmanna, eða um það bil mánaðarlega. Í lok árs var gerð gangskör að því að fá rétt netfang sem flestra félagsmanna og tókst það vel.

Blað Sameykis

Blaðið okkar kom út fjórum sinnum á síðasta ári og tók Sólveig Jónasdóttir upplýsingafulltrúi Sameykis við ritstjórn þess af Guðmundi Rúnari snemma árs 2019. Nefndin um félagsleg málefni hefur bláðið og aðra útgáfu undir sínum hatti.



Orlofsblað

Í mars 2019 var gefið út veglegt orlofsblað sem á að þjóna nokkurs konar hlutverki handbókar og var það sent heim til allra í félaginu. Í blaðinu eru lýsingar á öllum orlofshúsum og orlofskostum félagsins sem standa félagsfólki til boða auk ítarlegra leiðbeininga um orlofskerfið okkar.

Ársskýrsla

Félögin SFR og St.Rv. gáfu út ársskýrslur í sitt hvoru lagi enda fjallar ársskýrsla um árið á undan og þá hafði sameiningin ekki átt sér stað. Ársskýrslu var dreift á framhaldsaðalfundinum sem haldinn var 28. mars 2019.

Dagbók

Gefin var út dagbók og var félagsfólki boðið að fá hana senda eða sækja sjálft á skrifstofu. Bókin er í lokuðu broti og inniheldur auk dagatalsins ýmsar upplýsingar og fróðleik um starfsemi félagsins. Fjölmarginir nýttu sér það að fá bókina senda.

Stofnun ársins – sérrit

Í tilefni að kynningu á niðurstöðum Stofnunar ársins gefur félagið út sérrit sem dreift er á hátíðinni þar sem niðurstöður eru tilkynntar. Þessar sömu niðurstöður eru síðan kynntar á vefnum og í blaði Sameykis.

Fulltrúar félagsins í ýmsum stjórnnum, nefndum og starfshópum

Stjórn BSRB

Garðar Hilmarsson, 1. varaformaður BSRB (2018-2021)
Árni Stefán Jónsson stjórn

Kjaranefnd BSRB

Garðar Hilmarsson og Þórarinn Eyfjörð

Nefnd BSRB um fjölskylduvænt samfélag og jafnréttismál

Sólveig Jónasdóttir
Bryngeir A. Bryngeirsson

Menntanefnd BSRB

Ingibjörg Sif Fjellsted og Jóhanna Þórdórsdóttir

Velferðarnefnd

Herdís Jóhannsdóttir og Vésteinn Valgarðs.

Réttindanefnd

Halldór Gunnarsson og Stefánía J. Nielsen

Umhverfisnefnd

Guðmundur Freyr Sveinsson

Yfirkjörstjórn BSRB

Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir

Atvinnuleysistryggingasjóður

Ína Halldóra Jónasdóttir

Atvinnuleysistryggingasjóður Vesturlands

Ingvaldur Jónsdóttir

Stjórn ROM (Rekstrarfélag orlofsmála í Munaðarnesi)

Ólafur Hallgrímsson, formaður frá 2019-2020
Hörður Heiðar Guðbjörnsson

Stjórn ROE

(Rekstrarfélag orlofsmála á Eiðum)

Ingunn H. Þorlákssdóttir
Olga Gunnarsdóttir

Lífeyrissjóður Starfsmanna Reykjavíkur

Ása Clausen og Þorgrímur Hallgrímsson
Kolbrún Hauksdóttir og Kjartan G. Ingvason varamenn

Brú lífeyrissjóður

Garðar Hilmarsson

Úrskurðarnefnd um eftirlaun hjá LSRb

Garðar Hilmarsson og Hrafnhildur Guðmundsdóttir

Fulltrúi BSRB í Starfsnefnd LSR

Jakobína Þórðardóttir

Fræðslusjóður FA

Guðríður Sigurbjörnsdóttir

Stjórn LSR

Árni Stefán Jónsson, varaformaður

Framvegis símenntunarmiðstöð

Jóhanna Þórdórsdóttir formaður
Jakobína Þórðardóttir

Starfsmennt

Þórarinn Eyfjörð
Jóhanna Þórdórsdóttir varamaður

1. maí nefnd Reykjavíkur

Þórarinn Eyfjörð

Vinnueftirlit ríkisins

Bryndís Teodórsdóttir varamaður

Stjórn RUR (Rekstrarfélag um starfsendurhæfingu)

Árni Stefán Jónsson

Starfsgreinaráð fyrir heilbrigðis, félags og uppeldisgreinar

Jóhanna Þórdórsdóttir

Stjórn Sambands lífeyrisþega ríkis og bæja

Ingibjörg Óskarsdóttir

Stjórn Félagamiðstöðvarinnar Grettisgötu 89

Þórarinn Eyfjörð

Vinnumarkaðsráð höfuðborgarsvæðisins

Páll Svavarsson, við tekur Sigrún Helga Jónsdóttir 2020

Ferðakostnaðarnefnd ríkisins

Guðmundur F. Guðmundsson

Erlent samstarf:

NTR (Nordisk tjenestemandsråd)

Jakobína Þórðardóttir

NSO (Nordiska statstjänstemanna organisationen)

Árni Stefán Jónsson

NOFS (Nordens Offentliganställdas Fackliga Samorganisation)

Árni Stefán Jónsson
Sólveig Jónasdóttir

Norræn samtök NFS

Árni Stefán Jónsson

ESPU – sveitarfélögin, erlent samstarf

Garðar Hilmarsson

EPSU – NEA nefnd um ríkisrekstur

Sólveig Jónasdóttir

Fræðslustarf



Á árinu 2019 var unnið að ýmsum fræðslutengdum verkefnum sem tengjast félagsmönnum. Eitt verkefnið er þátttaka í tilraunaverkefninu um raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins, en fulltrúi Sameykis á sæti í stýrihópi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Starfsmenntar sem hefur unnið að því að búa til raunfærnimat á móti starfi sérhæfðs fulltrúa í samstarfi við Íbúðalánasjóð og Vinnumálastofnun. Einnig á Sameyki sæti í Menntanefnd BSRB, Starfsgreinaráði heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina, ásamt því að sitja í stjórnnum Fræðslusetursins Starfsmenntar og Framvegis miðstöðvar um símenntun svo eitthvað sé nefnt. Töluvert hefur verið rætt á þessum vettvangi um áskoranir vinnumarkaðar framtíðarinnar sem tengjast tækniþróun og lýðfræðilegum breytingum. Ljóst er að mörg verkefni eru framundan í fræðslumálunum.

Gott að vita

Gott að vita náms- og þjálfunarkerfi fyrir félagsmenn Sameykis og Kjalar á árinu 2019 stóð fyrir 44 námskeiðum, þjálfunarleiðum og fyrirlestrum í Reykjavík, á Ísafirði, Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga. Um er að ræða 33 fyrirlestra/stytttri námskeið og 11 lengri námskeið með fjölbreyttum efnivið. Þátttakendur fá meðal annars innsýn í nýjungar í tækni, auka þekkingu sína um hvernig hægt er að viðhalda góðri heilsu, öðlast aukna sjálfsþekkingu og hlúa að menningartengslum sínum. Alls voru það 416 Sameyisfélagar sem sóttu þessi námskeið og þar af voru 91% (379) konur og 9% (37) karlar.

Gott að vita námskeiðin eru fjölbreytt og hafa notið mikilla vinsælda. Hugmyndin að baki þeim er sú að hvetja fólk til að bæta sífellt við sig þekkingu, enda hafa rannsóknir sýnt að þátttaka á hvers konar námskeiðum virkar oftast sem hvati til að læra meira.

Framvegis, miðstöð um símenntun, heldur utan um námskeiðin í Reykjavík í samstarfi við Sameyki og fundar meðal annars með nefnd Sameykis um framtíðarvinnumarkað til að ákveða námsframboð fyrir hverja önn. Námskeiðin á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum eru í samstarfi við Kjöl stéttarfélag og símenntunarmiðstöðvar á hverjum stað.

Meðal nýrra námskeiða og fyrirlestra á starfsárinu má nefna Spænsku fyrir ferðamenn, Sjósund, Akríl pouring og Listina að lifa. Áfram var boðið upp á vinsæl námskeið og fyrirlestra eins og Matreiðslunámskeið með Dóru í Culina, Konfektnámskeið, Golfnámskeið og Tálgun svo eitthvað sé nefnt.



Fræðsla trúnaðarmanna

Trúnaðarmönnum bauðst að venju að sækja Trúnaðarmannanám Félagsmálaskóla alþýðu en alls var boðið upp á 6 námskeið á árinu 2019. Námið skiptist upp í 6 tveggja daga námskeið, alls 96 kennslustundir. Fyrsti hluti var þrívísvar í boði, annar hluti tvisvar sinnum og sjötti hluti einu sinni.

Í janúar, febrúar og mars á árinu 2020 var síðan boðið upp á hluta eitt, tvö og þrjú.

Á árinu var einnig boðið upp á fræðslumorgnana Mótun og miðlun upplýsinga, Öflugir talsmenn og árangursrík samskipti, Vaktavinna sem og fjögur nýliðafræðslunámskeið trúnaðarmanna.

Á árinu 2019 voru 197 námskeiðssæti nýtt af trúnaðarmönnum sem sóttu trúnaðarmannanám og fræðslumorgna/stytttri námskeið, þar af voru 75% konur og 25% karlar.



Þróunar- og símenntunar-sjóður

Á árinu 2019 sátu í stjórn sjóðsins Árni Stefán Jónsson og Sigurlaug Hrefna Sverrisdóttir fyrir hönd Sameykis og Sara Lind Guðbergsdóttir og Einar Mar Þórðarson fyrir hönd fjármálaráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styrkja stofnanir og fyrirtæki til að auka möguleika þeirra á að þróa starfssvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru á hverjum tíma og efla símenntun starfsmanna sem eru í Sameyki með það fyrir augum að þeir séu færari til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni.

Stofnanir geta sótt um styrki til að gera starfsþróunaráætlun fyrir starfsmenn, framkvæma verkefni sem byggja á starfsþróunaráætlunum eða til að halda nám/skeið.

Eftirfarandi stofnanir sóttu um styrki og fengu úthlutað vegna mismunandi verkefna árið 2019: Ás styrktarfélag, Búsetusvið/fjölskyldusvið Akureyrarbæjar, Fangelismálastofnun, Grund hjúkrunarheimili, Isavia, Jafnréttisstofa, Landhelgisgæslan, Landspítali háskólasjúkrahús, Listasafn Íslands, Lögreglustjórinn á Austurlandi, Sýslumannsembætti Vestfjarða, Vinnueftirlitið og Vinnumálastofnun.

Einnig voru sameiginleg verkefni Þróunar- og símenntunarsjóðs og Fræðslusetursins Starfsmenntar styrkt líkt og fyrri ár, þar á meðal fagháskólanám í opinberri stjórnsýslu sem kennt er í Háskólanum á Bifröst. Síðan Fræðslusetrið Starfsmennt var sett á fót hafa fræðsluverkefni í auknum mæli flust þangað, enda hlutverk Starfsmenntar að efla símenntun starfsmanna og jafnframt að auka möguleika stofnana á að þróa starfssvið sitt sem er í takt við hlutverk sjóðsins eins og kemur fram hér að ofan.

Þróunar- og símenntunarsjóður hefur gert samkomulag við stjórn Starfsmenntunarsjóðs Sameykis að hann sjái um afgreiðslu starfsþróunarstyrkja. Á árinu 2019 var framlag til starfsþróunarstyrkja 39 milljónir.



Framvegis miðstöð símenntunar

Framvegis miðstöð símenntunar er einkahlutafélag í eigu tveggja aðildarfélaga BSRB, þ.e. Sjúkraliðafélags Íslands og Sameykis stéttarfélags í almannajónustu. Miðstöðin er rekin til almannaheilla og því er ekki heimilt að greiða eigendum arð. Hagnaður af starfsemi félagsins er notaður til að efla mennta- og fræðslumál fullorðins fólks á vinnumarkaði.

Framvegis hefur starfað óslitið frá 2001, fyrst um sinn til að sinna sí- og endurmenntun fólks í starfsgreinum sem Fjölbautaskólinn í Ármúla útskrifaði. Með inngöngu BSRB í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur starfsemin þróast talsvert og verkefnin orðið fjölbreyttari og náð til stærri hóps fullorðinna námsmanna. Starfsemin byggir að stórum hluta á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 og samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Megináhersla Framvegis á árinu 2019 var að bjóða upp á faglega og fjölbreytta þjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir með áherslu á þarfir atvinnulífsins. Starfsemin einkenndist af fjölbreyttu og vönduðu námsframboði, ráðgjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki auk raunfærnimats í almennri starfshæfni sem og á mótí námi í formlega skólakerfinu.

Undanfarin ár hefur Framvegis í samvinnu við Sameyki - stéttarfélags í almannajónustu haft veg og vanda af námskeiða- og fyrirlestraröðinni „Gott að vita“ sem boðið er upp á fyrir félagsmenn þeim að kostnaðarlausu. Viðburðirnir voru vel sóttir að venju og komust færri að en vildu.



VIRK starfsendurhæfingarsjóður

Fjórir ráðgjafar á vegum VIRK starfsendurhæfingarsjóðs starfa í BSRB húsinu. Ráðgjafarnir eru Birna Muller, Helga Ágústsdóttir, Karen Björnsdóttir og Ragnheiður Kristiansen.

Starf þeirra felst í að aðstoða félagsmenn við að endurheimta og efla starfsgetu og starfshæfni eftir veikindi eða slys. Lögð er áhersla á að halda vinnusambandi þegar það er til staðar og aðstoða við að finna leiðir til atvinnuþátttöku á nýjan leik. Í byrjun árs 2020 voru 2.614 einstaklingar í starfsendurhæfingu á vegum VIRK. Þá höfðu rúmlega 17.000 einstaklingar nýtt sér þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs frá því honum var komið á fót árið 2008. Tæplega 80% þeirra sem hafa lokið þjónustu hjá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift, þ.e. í launaðri vinnu, virkri atvinnuleit eða í láns-hæfu námi. Alls hafa 1.518 einstaklingar leitað til ráðgjafanna í BSRB húsinu og 951 þeirra útskrifast eða lokið þjónustu.

Einstaklingum sem glíma við heilsubrest sem hindrar þá frá vinnu er bent á að ráðfæra sig við lækni varðandi starfsendurhæfingu. Ef læknir metur að þörf sé á starfsendurhæfingu sendir hann tilvísun til VIRK.

Félagsmenn sem leita til sjúkrasjóðs Sameykis fá jafnan upplýsingar um þjónustu VIRK. Ráðgjafarnir eru staðsettir á 3. hæð í BSRB húsinu. Frekari upplýsingar um VIRK er að finna á www.virk.is. Einnig má senda tölvupóst á virk@bsrb.is eða hringja í síma 525 8300.

Fræðslusetrið Starfsmennt

Árið 2019 var lögð sérstök áhersla á að bjóða upp á námskeið sem taka til þátta sem fjórða iðnbyltingin krefst og varða m.a. stafræna hæfni, jákvætt viðhorf til breytinga, seiglu og gagnrýna og skapandi hugsun. Að auki voru áfram í boði námskeið sem varða m.a. þjónustustjórnun, launavinnslu, bókhaldsgerð, sjálfsefningu og samskipti. Árið 2019 voru skráningar í nám á vegum Starfsmenntar 2.730 á móti 3.554 árið á undan og námstilboð töldu 266 þetta ár á móti 299 árið 2018. Fækkunina má m.a. rekja til þess að námskeið um jafnlaunastaðal voru flutt frá Starfsmennt til Endurmenntunar HÍ á miðju ári 2018 þegar tilraunaverkefninu lauk. Þá fækkaði mjög þátttakendum í endurmenntun fyrir atvinnubílstjóra og eins varð nokkur fækkun þátttakenda á tölvunámskeiðum.

Starfsmennt kaupir sæti á námskeiðum ýmissa fræðsluaðila fyrir aðildarfélaga sína og var áfram leitað eftir samstarfi við fræðsluaðila um allt land. Þannig átti Starfsmennt í samstarfi við fræðsluaðila á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Suðurlandi. Tekið var upp samstarf um nám skv. námskránni Fagnám í umönnun fatlaðra við Fræðslunet Suðurlands, en Fræðslunetið býður upp á námið í fjarnámi og gat Starfsmennt því greitt götu 20 félagsmanna aðildarfélaga sinna haustið 2019. Þátttakendur eru af höfuðborgarsvæðinu, frá Norðurlandi eystra, Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi.

Fagháskólanám í opinberri stjórnsýslu við Háskólann á Bifröst hélt áfram fyrir afmarkaðan hóp félagsmanna Sameykis, áður SFR. Við árslok 2019 voru 24 einstaklingar enn í námi á vegum Starfsmenntar sem er fækkun um fjóra af þeim sem upphaflega hófu námið haustið 2018. Námslok eru áætluð sumarið 2020 og þar með lýkur aðkomu Starfsmenntar að tilraunaverkefninu.

Samstarfsverkefni Fangelsismálastofnunar og Starfsmenntar um nám skv. námskrá Fangavarðaskólans fyrir tiltekinn hóp starfsmanna lauk vorið 2019 með útskrift allra tuttugu þátttakendanna sem hófu námið haustið 2018.



Þá var aftur farið af stað með endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi fangaverði og voru tvö slík í boði haustið 2019.

Nýtt verkefni hóf göngu sína á árinu og er um að ræða samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífs (FA) um raunfærnimat á móti kröfum atvinnulífs. Um tilraunaverkefni er að ræða sem hefur það markmið að byggja grunn að varanlegu kerfi fyrir raunfærnimat í atvinnulífinu og er verkefnið styrkt af Fræðslusjóði. Hjá Starfsmennt er metið á móti kröfum starfs sérhæfðs fulltrúa í samstarfi við Vinnumálastofnun, útibú á Skagaströnd, og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (áður Íbúðalánasjóð), útibú á Sauðárkróki. Önnur störf sem metið er á móti í tilraunaverkefninu eru innan ferðaþjónustunnar, í matvælavinnslu og verslun.

Starfsmennt sóttist eftir samstarfi við VR til að þróa stutt námskeið sem styðja við almenna stafræna hæfni. Aðdragandinn var sá að VR lét þýða danskt sjálfspróf Stafræna hæfnihjólið sem hefur það meginmarkmið að gefa einstaklingum kost á að kortleggja stafræna hæfni sína. Aðgangur að íslensku útgáfunni var opnaður haustið 2019 og er öllum opin á vef VR <https://stafrænhaefni.is/>. Starfsmennt fékk styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar til að þróa nám sem byggir á þeim hæfnipáttum sem mældir eru í sjálfsprófinu. Þróuð verða nokkur stutt námskeið og er áætlað að þau verði opin öllum endurgjaldslaut á vef Starfsmenntar vorið 2020.

Erlenda samstarfsverkefninu You Dig IT lauk um mitt ár 2019 en í því voru skoðuð rafræn verkfæri (smáforrit) sem nýst geta í námi og kennslu. Erasmusplus umsókn um KA2 samstarfsverkefnið Transforming VET 4.0, sem Starfsmennt var þátttakandi í, hlaut samþykki þýsku landsskrifstofu Erasmusplus og hófst vinna við það í ársbyrjun 2019. Verkefnið lýtur að þeim áskorunum um starfsmenntun og kennarar innan starfsmenntunar standa frammi fyrir í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna og eru samstarfsaðilar frá Þýskalandi, Finnlandi og Hollandi. Þá hlaut Starfsmennt styrk úr KA1 hluta menntaáætlunar ESB til að styðja við símenntun starfsmanna og stjórnar fræðslusetursins. Styrkurinn var nýttur í eina ferð á árinu 2019 þegar verkefnastjóri náms- og starfsráðgjafar sótti námskeið í Finnlandi um notkun rafrænna miðla í einstaklingsráðgjöf. Styrkinn þarf að fullnýta fyrir maílok 2021.

Fræðslusjóðir Sameykis

Starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóður Sameykis

Starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóður er ætlaður einstaklingum og stofnunum og fyrirtækjum, sem greiða í starfsþróunarluta sjóðsins. Þeir sem vinna hjá Faxaflóahöfnum, Félagsbústöðum, Innheimtustofnun sveitarfélaga, Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Strætó, Akraneskaupstað og Seltjarnarnesbæ geta sótt um styrk.

Á liðnu starfsári hélt stjórn sjóðsins mánaðarlega úthlutunarfundi fyrir utan hásumarið. Félagsmenn eru að sækja sér starfs- og endurmenntun af ýmsum toga, s.s. hvers konar faglega starfsmenntun, tungumálanám, tölvunám og almenna framhaldsskólamenntun, en flestir eru að fá styrk vegna háskólanáms. Náms- og kynnisferðir og ráðstefnur, innanlands sem utan eru einnig stór partur af umsóknum félagsmanna.

Á starfsárinu voru afgreiddar 1.486 umsóknir til einstakra félagsmanna sem er fjölgun um 176 umsóknir frá fyrra ári. 52 umsóknir bárust frá stofnunum og vinnustöðum sem alls fengu úthlutað kr. 9.731.475,-

Stjórn sjóðsins 2019 frá Reykjavíkurborg: Anna Oddný Helgadóttir og Ragnhildur Ísaksdóttir. Sigríður Þuríður Stefánsdóttir, Garðar Hilmarsson og Jakobína Þórðardóttir frá Sameyki. Lára Júlíusdóttir er sjóðsstjóri.

Heiti styrks	Greidd upphæð 2019	% af heildar útgjöldum	Konur fjöldi	% af fjölda kvk	Karlar fjöldi	% af fjölda kk	Fjöldi styrkja 2019
Framhaldsskólanám	6.259.668	8,5%	74	58%	53	42%	127
Háskólanám	45.984.260	42,1%	421	67%	204	33%	625
Lífsleikni og tómstundanám	1.130.400	4,4%	54	82%	12	18%	66
Náms- og kynnisferðir	22.144.988	18,6%	201	73%	75	27%	276
Námskeið	12.911.913	19,4%	244	84%	45	16%	289
Ráðstefnur	2.393.362	4,2%	56	90%	6	10%	62
Starfstengt nám	2.203.482	2,2%	23	70%	10	30%	33
Aðrir styrkir úr Starfsmenntun	326.040	0,5%	5	63%	3	38%	8
Samtals:	93.354.113	100,0%	1.078	73%	408	27%	1486
Stofnanir	9.731.475	52					
Borgarholtsskóli	1.388.480						

Vísindasjóður Sameykis

Vísindasjóður fundaði þrisvar sinnum á árinu 2019 samkvæmt reglum sjóðsins, þ.e. í janúar, maí og september.

Aðild að Vísindasjóði hafa þeir félagsmenn sem lokið hafa háskólamenntun sem krafist er í því starfi sem þeir gegna. Félagsmenn sem njóta styrkja úr Vísindasjóði stunda því ýmiss konar framhaldsnám í greinum sínum auk þess sem þeir sækja faglega vinnufundi og ráðstefnur hérlandis sem erlendis í fagi sínu til að viðhalda menntun sinni.

Afgreiddir voru 626 styrkir að upphæð kr. 68.593.501,- sem eru 129 umsóknum fleiri en árið á undan en þá var upphæðin kr. 48.944.135,- það er því greinilegt að félagsmenn verða sífellt duglegri að sækja um styrki úr sjóðnum. Engu að síður stendur rekstur sjóðsins vel.

Stjórn sjóðsins skipa: Garðar Hilmarsson, Ólöf R. Ámundadóttir og Kristín Hauksdóttir. Sjóðsstjóri var Guðmundur Freyr Sveinsson/Lára Júlíusdóttir.

Heiti styrks	Greidd upphæð 2019	% af heildar útgjöldum	Konur fjöldi	% af fjölda kvk	Karlar fjöldi	% af fjölda kk	Fjöldi styrkja 2019
Fræðibækur	1.226.885	7,7%	41	85%	7	15%	48
Háskólanám	18.228.702	21,7%	99	73%	37	27%	136
Lífsleikni og tómstundanám	622.678	1,0%	5	83%	1	17%	6
Nám erlendis	1.504.920	2,1%	13	100%	0	0%	13
Náms- og kynnisferðir	8.834.209	19,2%	98	82%	22	18%	120
Námskeið	12.127.356	15,3%	69	72%	27	28%	96
Ráðstefnur	25.662.751	32,7%	157	77%	48	23%	205
Aðrir styrkir	386.000	0,3%	2	100%	0	0%	2
Samtals:	68.593.501	100,0%	484	77%	142	23%	626

Starfsmenntunarsjóður Sameykis

Starfsmenntunarsjóður Sameykis er fyrir þá félagsmenn sem vinna hjá Ás styrktarfélagi, Fríhöfn, Isavia, Klettabæ, Mátis, Rarik, ríkisstofnunum, RÚV, SÁÁ, SFV og sjálfseignarstofnunum Skálatúni og Vinakoti.

Stjórn Starfsmenntunarsjóðs Sameykis hélt 11 stjórnarfundir á árinu 2019. Afgreiddar voru alls 1.627 umsóknir að upphæð kr. 113.503.923 sem er hækkun milli ára um tæp 716 þúsund. Mesta lækkun milli ára er á styrkjum vegna náms- og kynnisferða sem eru tæpum 19 milljónum lægri en árið 2018. Styrkir til háskólanáms hækka mest milli ára eða um rúmar 10 milljónir.

Hluti fræðslustyrkja var greiddur sem starfsþróunarstyrkur en félagsmenn geta sótt um slíka styrki vegna fræðslu sem tengist beint starfsþróunaráætlun umsækjanda og er liður í starfsþróun hans samkvæmt staðfestingu yfirmanns. Sé staðfesting yfirmanns ekki fyrir hendi er réttur til umsóknar almennt háður því að verkefni teljist vera liður í starfsþróun umsækjanda til að þróast faglega en almennt viðmið fyrir styrkveitingu er að nám standist almenntar gæðakröfur eða sé gæðavottað. Starfsþróunarstyrkir byggja á samkomulagi við stjórn Þróunar- og símenntunarsjóðs um að Starfsmenntunarsjóður Sameykis sjái um afgreiðslu starfsþróunarstyrkja. Stjórn Þróunar- og símenntunarsjóðs ákveður hverju sinni hversu háa upphæð sjóðurinn leggur til starfsþróunarstyrkja og á árinu 2019 voru það 39 milljónir.

Árið 2019 þurfti félagsmaður að hafa greitt a.m.k. 23.000 kr. í félagsgjöld síðastliðna 12 mánuði til að fá fullan styrk. Hálfur styrkur er veittur þeim sem hefur greitt á bilinu 11.500-23.000 kr. í félagsgjöld síðastliðna 12 mánuði.

Stjórn sjóðsins skipa Arnbjörg Gunnlaugsdóttir frá Háskóla Íslands, Ólafía Lilja Sævarsdóttir frá Tryggingastofnun ríkisins, Páll Svavarsson frá Hafrannsóknarstofnun, Svanhildur Steinarsdóttir frá Menntamálastofnun, Þórdís Viborg frá Öryrkjabandalaginu og Þórey Einarsdóttir frá Sjálfsbjargarheimilinu (tilnefnd af stjórn). Starfsmaður sjóðsins var Jóhanna Þórdórsdóttir.

Heiti styrks	Greidd upphæð 2019	% af heildar útgjöldum	Konur fjöldi	% af fjölda kvk	Karlar fjöldi	% af fjölda kk	Fjöldi styrkja 2019
Framhaldsskólanám	5.718.892	5,0%	103	9%	35	8%	138
Háskólanám**	50.491.769	44,5%	487	41%	166	39%	653
Lífsleikni	4.849.475	4,3%	181	15%	28	7%	209
Nám erlendis	276.000	0,2%	3	0%	0	0%	3
Náms-/kynnisferðir	16.465.157	14,5%	132	11%	89	21%	221
Námskeið	4.626.255	4,1%	108	9%	22	5%	130
Námskeiðsgjald*	9.943.440	8,8%	38	3%	28	7%	66
Námstengdur ferðastyrkur	199.052	0,2%	10	1%	3	1%	13
Ráðstefnugjald erlendis*	12.976.354	11,4%	91	8%	26	6%	117
Skólagjald*	4.489.762	4,0%	26	2%	5	1%	31
Starfsréttindanámskeið	3.467.767	3,1%	21	2%	25	6%	46
Samtals:	113.503.923	100,0%	1.200	100%	427	100%	1627

*Starfsþróunarstyrkir

**Starfsmenntunarsjóður og starfsþróunarstyrkir

Þjónustusamningur við Félag starfsmanna stjórnarráðsins (FSS)

Sameyki er með þjónustusamning við FSS og sá um afgreiðslu fræðslustyrkja til félagsmanna FSS sem eru 318 talsins. Á árinu 2019 voru afgreiddir 50 styrkir samtals að upphæð 5.502.202 kr. og þar af fóru tæplega 40% í náms- og kynnisferðir og tæplega 27% í ráðstefnugjöld erlendis.

Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis

Stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs Sameykis hélt 7 stjórnarfundum á árinu 2019. Afgreiddar voru alls 5.467 umsóknir að upphæð kr. 238.146.070 kr. sem er lækkun milli ára um 4,5 milljónir. Fjöldi umsókna jókst hins vegar um 5,6% á milli ára. Mesta lækkun milli ára er á sjúkradagpeningum eða um 9 milljónum minna milli ára.

Sjúkradagpeningar eru enn stærsti útgjaldaliður sjóðsins, eða 39% af heildarútgjöldum. Árið 2019 er fyrsta árið sem sjúkradagpeningagreiðslur sjóðsins fara minnkandi milli ára eftir gengdarlausar hækkunir þrjú árin þar á undan. Er þetta ánægjuleg þróun og vonandi vísbending um að hækkunarhrynu sé lokið, en mjög erfitt er að gera áætlanir hvað þennan útgjalda-lið varðar.

Fjöldi umsókna um fæðingarstyrk er svipaður milli ára eða um 130 umsóknir að upphæð 26 milljónir. Það er ánægjuefni að sjá að þessi styrkur skuli fara ört vaxandi síðastliðin ár en árið 2016 var umsóknarfjöldi 85. Sálfræðistyrkur var hækkaður um

áramótin 2018/2019 en við breytinguna hækkaði sá styrkur úr 6.5 milljónum í 11.7 milljónir 2019, eða um rúmar 5 milljónir.

Að venju er líkamsræktarstyrkurinn vinsælasti styrkurinn en alls voru afgreiddar 1.780 umsóknir að upphæð 36,7 milljónir.

Konur duglegri að nýta styrkina

Mun fleiri konur en karlar nýttu sér styrkina, eða 4.304 konur sem fengu afgreidda 79% af fjölda styrkja á móti 1.163 körlum, þ.e. 21% af umsóknum.

Stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs Sameykis (kosin á aðalfundi 2017) Elín Sigurðardóttir frá Útlendingastofnun, Hrafnhildur Hauksdóttir frá Ríkisskattstjóra, Jóhanna Lára Óttarsdóttir frá Sýslumanninum í Reykjavík (tilnefnd af stjórn), Ómar Árnason frá Tækniskólanum, Pálmey H. Gísladóttir frá Greiningarstöð ríkisins og Pétur Ásbjörnsson frá Landspítala.

Flokkur	Greidd upphæð 2019	Konur	% kvk	Karlar	% kk	Fj. styrkja 2019	% F. styrkja
Augnaðgerð	2.750.000 kr.	16	57%	12	43%	28	1%
Dánarbætur	1.300.000 kr.	6	67%	3	33%	9	1%
Fæðingarstyrkur	26.958.960 kr.	78	62%	48	38%	126	11%
Gleraugna eða linsukaupastyrkur	6.999.866 kr.	339	76%	105	24%	444	3%
Heilsustofnun NLFÍ	1.567.500 kr.	15	65%	8	35%	23	1%
Heyrnartæki	4.769.808 kr.	19	50%	19	50%	38	2%
Hjartarvernd	822.600 kr.	25	58%	18	42%	43	0%
Krabbameinsrannsóknir framh.	936.190 kr.	77	79%	21	21%	98	0%
Krabbameinsskoðun	3.936.370 kr.	762	100%	0	0%	762	2%
Líkamsrækt	36.690.636 kr.	1304	73%	476	27%	1780	15%
Sálfræðingur/félagsráðgjafi	11.759.529 kr.	415	76%	134	24%	549	5%
Sérstakar aðstæður	355.034 kr.	4	100%	0	0%	4	0%
Sjúkradagpeningar	93.835.605 kr.	293	81%	67	19%	360	39%
Sjúkrþjálfun og nudd	12.694.982 kr.	668	81%	152	19%	820	5%
Tannlæknakostnaður	30.387.085 kr.	258	73%	96	27%	354	13%
Tækniþrjálgun	2.381.905 kr.	25	86%	4	14%	29	1%
Samtals	238.146.070 kr.	4304	79%	1163	21%	5467	100%

Styrktarsjóður BSRB

Félagsmenn Sameykis sem starfa hjá Reykjavíkurborg, Strætó, Orkuveitu Reykjavíkur, Faxaflóahöfnum, Félagsbústöðum, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Innheimtustofnun Sveitarfélaga, Sveitarfélaginu Akranesi og Sveitarfélaginu Seltjarnarnesi eru hluti félagsmanna Styrktarsjóðs BSRB.

Stjórn Styrktarsjóðs BSRB hélt 10 stjórnarfundir á árinu 2019. Afgreiddir voru styrkir til 3.221 félagsmanns Sameykis af 3.718 umsóknum að heildarfjárhæð kr. 176.921.246.

Helstu hækkunarir á styrkjum sjóðsins á milli áráanna 2018 og 2019 voru:

- Sjúkradagpeningar, sem er stærsti útgjaldaliðurinn, hækkuðu á milli áráanna um 17%
- Fæðingarstyrkir hækkuðu um 21%
- Styrkir vegna glasafjrjónunar hækkuðu um 54%
- Styrkir vegna sálfræðiþjónustu hækkuðu um 85%

Fjöldi þeirra félagsmanna sem fengu fæðingarstyrk voru 141, 93 konur og 48 karlar að heildarfjárhæð kr. 28.217.466,-. Upphæð styrkveitinga í þessum flokki hækkaði og fjöldi félagsmanna óx um 21%.

Að venju er líkamsræktarstyrkurinn vinsælasti styrkurinn. Samtals fengu 1.200 félagsmenn styrk að upphæð 27,2 milljónir samtals.

Konur stærri hluti styrkþega

Konur voru 75% styrkþega eða 2.406 á móti 815 körlum.

Stjórn Styrktarsjóðs BSRB (kosin á aðalfundi 2019)

Garðar Hilmarsson, Sameyki, formaður, Ingunn Jóhannesdóttir, Kili, Sandra Bryndísardóttir Franks, Sjúkraliðafélagi Íslands, Vala Dröfn Hauksdóttir, Starfsmannafélagi Garðabæjar og Þórveig Þormóðsdóttir, Starfsmannafélagi Stjórnarráðsins, ritari. Varamenn eru Ásbjörn Sigurðsson, Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi og Karl Rúnar Þórsson, Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar.

Tegund styrks	Greidd upp- hæð 2019	% Greidd upphæð	kvk	% kvk	kk	% kk	Fj. styrk- þega	Meðal- greiðsla
Sjúkradagpeningar	61.722.153	34,9%	74	77%	22	23%	96	642.939
Fæðingarstyrkur	28.217.466	15,9%	93	66%	48	34%	141	200.124
Líkamsrækt	27.177.996	15,4%	821	68%	379	32%	1200	22.648
Tannlæknakostnaður	19.879.455	11,2%	208	69%	94	31%	302	65.826
Sálfræðiþjónusta	12.600.662	7,1%	249	75%	85	25%	334	37.727
Sjúkraþj./nudd/kíropr./nálast.	8.974.964	5,1%	292	76%	93	24%	385	23.312
Gleraunastyrkur	3.848.252	2,2%	124	77%	38	23%	162	23.755
Dánarbætur	3.300.000	1,9%	10	48%	11	52%	21	157.143
Glasafjrjónun	3.248.800	1,8%	14	64%	8	36%	22	147.673
Krabbameinsskoðun	2.153.835	1,2%	414	100%	0	0%	414	5.203
Augnaðgerð	2.000.000	1,1%	10	50%	10	50%	20	100.000
Heilsustofnun NLFÍ	1.527.500	0,9%	20	87%	3	13%	23	66.413
Heyrnartæki	1.148.088	0,6%	2	20%	8	80%	10	114.809
Krabbameinsskoðun frh.	652.275	0,4%	59	88%	8	12%	67	9.735
Hjartavernd	469.800	0,3%	16	67%	8	33%	24	19.575
Sérstakar aðst. 7. gr.	0	0,0%	0		0		0	0
Samantlagt	176.921.246		2406	75%	815	25%	3221	54.927

Lífeyrisdeild Sameykis

Afar fjölmennur stofnfundur Lífeyrisdeildar Sameykis var haldinn 11. apríl 2019 en á fundinn komu rúmlega 80 manns. Þar voru lögð fram drög að starfsreglum deildarinnar til samþykktar. Kosin var 7 manna stjórn og formaður. Ingibjörg Óskarsdóttir bauð sig ein fram til formanns og var hún einróma kjörin með lófaklappi. Átta manns buðu sig fram sem meðstjórnendur og flest atkvæði hlutu þau Guðrún Árnadóttir, Bryndís Þorsteinsdóttir, Sigurjón Gunnarsson, Sigurður Helgason, Lilja Sörladóttir og Guðjón Magnússon og eru þau því löglega kjörin stjórn deildarinnar.

Símenntunarsjóður lífeyrisdeildar Sameykis er ætlaður þeim sem skráðir eru í Lífeyrisdeild Sameykis þegar námskeið eða nám hefst. Í sjóðinn er hægt að sækja um styrk til að stunda nám eða fara á námskeið allt að 32 þúsund kr. á almanaksárinu. Greitt er úr sjóðnum tvisvar á ári.

Sumarferð lífeyrisdeildarinnar var í Hvalfjörð og Borgarfjörð. Boðið var upp á dagsferðir sinn hvorn daginn, eða 26. og 27. júní til að gefa fleirum kost á að koma með. Í ferðunum var komið við í Hvalstöðinni, Hernámssafninu að Hlöðum, við Deildartunguhver og í Reykholti. Að lokum var síðan snæddur kvöldverður á Hótel Hamri í Borgarfirði.

Haustfagnaður lífeyrisdeildar var haldinn í lok október 2019 og var hann afar vel sóttur. Salur Garðyrkjufélagsins í Síðumúla var þétt setinn. Boðið var upp á svið, hangikjöt og meðlæti. Ari Eldjárn kom og skemmti fólki með uppistandi.

Porrablot deildarinnar var haldið í lok febrúar 2020 í Framheimilinu og sóttu það um 150 manns. Að sjálfsögðu var boðið upp á hefðbundinn þorramat. Þá var sungið og farið með gamanmál.

Gönguklúbburinn Grjótharðir göngugarpar er starfræktur á vegum deildarinnar og er öllum félagsmönnum hennar frjálst að vera með í vikulegum göngum klúbbsins um höfuðborgarsvæðið. Klúbburinn er með sína eigin facebook síðu þar sem hægt er að fylgjast með þeim.

Rétt til aðildar að Lífeyrisdeild Sameykis hefur sá sem lýkur starfsævinni sem Sameykisfélagi (SFR eða St.Rv.) og hefur að minnsta kosti samfellda aðild síðastliðin fimm ár áður en hann lauk störfum og fór á lífeyri.

Allar nánari upplýsingar um lífeyrisdeild félagsins má finna á www.sameyki.is/um-sameyki/lifeyrisdeild/



Stjórn Lífeyrisdeildar Sameykis frá vinstri: Guðrún Árnadóttir, Guðjón Magnússon, Sigurður Helgason, Ingibjörg Óskarsdóttir formaður, Lilja Sörladóttir, Sigurjón Gunnarsson og Bryndís Þorsteinsdóttir.

Háskóla- deild Sameykis

Háskóladeild Sameykis var stofnuð 4. apríl 2019 á grunni starfs sem byrjaði 2016 og var ný stjórn kosin. Baldur Vignir Karlsson, Landspítala var kosinn formaður en í stjórn deildarinnar eru þau Bryndís Theódórsdóttir, Vinnumálastofnun, Bryngeir A. Bryngeirsson, Frístundamiðstöðinni Gufunesbæ, Egill Kristján Björnsson, Fangelsismálastofnun, Elva Hrund Þórisdóttir, forstöðumaður frístundaheimilisins Regnbogalands, Kristín Hauksdóttir, Borgarsögusafni og María Sjöfn Árnadóttir, Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Varamenn eru þær Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Borgarbókasafni og Birna Björnsdóttir, Sjúkraliðafélaginu. Kristín Erna Arnadóttir er starfsmaður Sameykis í stjórninni.

Síðan stjórnin var kosin hefur hún fundað 6 sinnum og var síðasti fundur þann 17. febrúar sem var stefnumótunarfundur.

Áður en fyrsti fundur var boðaður var ákveðið að varamenn yrðu alltaf boðaðir á fund. Stjórnin byrjaði á því að búa til könnun á Facebook og spurði félagsmenn hvers þeir myndu vænta af nýstofnaðri háskóladeild. Það sem stóð upp úr var áhersla á fræðslu, styrkjамál, kjaramál og áhyggjur félagsmanna af námslánum. Það var því ákveðið að leggja megináherslu á þessi atriði. Varðandi LÍN var þeirri hugmynd velt upp hvort hægt væri að búa til litla nefnd sem myndi kortleggja námslánamarkaðinn og koma með tillögur að úrbótum. Í ljósi þess að mennta- og menningarmálaráðherra var með LÍN frumvarp í smíðum var ákveðið að biðja með það.

Stjórnin ákvað að hafa einn fræðsluviðburð á önn. Einn að hausti og einn að vori.

Fyrsti kynningar- og fræðslufundur Háskóladeildarinnar var 3. október þar sem formaður stjórnar kynnti áherslumál og í kjölfarið kom Bjartur Guðmundsson, eigandi fyrirtækisins Optimize og hélt fyrirlestur um sjálfstyrkingu út frá hugmyndum jákvæðrar sálfræði. Í kjölfar þessa fyrsta fræðslufundar var rætt við framkvæmdarstjóra Starfsmenntar um mögulegt samstarf sem tekið var vel í. Það er hins vegar ákveðið flækjustig að Starfsmennt sé einungis fyrir þá starfsmenn sem voru í SFR, en við sjáum þó fyrir okkur samstarf í einhverju formi.

Næsti fræðslufundur er fyrirhugaður í vor og mun áherslan þá vera á framtíðar vinnumarkaðinn út frá fjórðu iðnbyltingunni og stendur til að fá framtíðarfræðing sem kennir við HÍ til að koma og halda fyrirlestur.

Á stefnumótunarfundinum 17. febrúar var í fyrstu farið yfir hversu margir höfðu skráð sig í hina nýju deild og er sú tala orðin 163. Í gömlu deildinni voru félagsmenn 223 og ekki er vitað hvort þeir félagsmenn sem ekki hafa skráð sig hafi talið að þeir færu sjálfkrafa yfir í nýju deildina en grunur leikur á að svo sé. Á þessum fundi var einnig farið yfir háskólastyrki sem Sameyki hefur veitt síðustu tvö ár sem og hvaða nám félagsmenn væru að stunda. Í efsta sætinu trónir nám í hjúkrunarfræði með 94 styrki og í öðru sæti sálfræði með 74 styrki. Á topp 20 listanum var undantekningarlaust nám sem nýtist mjög vel innan opinberra geirans. Í framhaldi af þessari yfirferð var lagst í vinnu þar sem reynt var að sjá fyrir nánustu framtíð háskóladeildarinnar.

Það er mikið ferðalag fyrir höndum en við erum bjartsýn á bestu mögulegu niðurstöðu.



Stjórn Háskóladeildarinnar frá vinstri: Bryngeir Bryngeirsson, Kristín Hauksdóttir, Bryndís Theódórsdóttir, Birna Björnsdóttir, Baldur Vignir Karlsson og María Sjöfn Árnadóttir. Á myndina vantar Egil Björnsson, Elva Hrund Þórisdóttir og Guðríði Sigurbjörnsdóttir.



Aðventan

Á aðventunni voru tveir viðburðir í boði fyrir félagsfólk. Í lok nóvember var haldið notalegt aðventukvöld þar sem rithöfundarnir Sæunn Kjartansdóttir, Sigrún Pálsdóttir og Ármann Jakobsson lásu upp úr nýjum bókum og sönghópurinn Lyrika söng. Þá var haldið fjölmennt jólaball á vegum félagsins í byrjun desember þar sem jólasveinar dönsuðu og sungu með börnum og barnabörnum félagsmanna.





Páskabingó

Afar fjölmennt og skemmtilegt páskaeggjábíngó var haldið um miðjan apríl 2019 en þangað mættu yfir 100 manns til að freista gæfunnar og skemmta sér saman.



Félag áfengisráðgjafa

Kristbjörg Halla Magnúsdóttir formaður

Þann 23. febrúar 2019 var haldinn aðalfundur FÁR í húsi Sameykis. Eftir aðalfundinn var stjórn skipuð eftirtöldum stjórnarmeðlimum: Kristbjörg Halla Magnúsdóttir formaður, kosin til tveggja ára 2017, Sara Karlsdóttir og Rakel Birgisdóttir, kosnar til þriggja ára 2017, Oddur Sigurjónsson og Ingi Þór Eyjólfsson, kosnir til þriggja ára 2018, Sigurbjörg Anna Thor Björnsdóttir og Halldóra Jónasdóttir, kosnar til þriggja ára 2019. Stjórn hittist fljótlega eftir aðalfund og skipti með sér verkum. Oddur Sigurjónsson tók að sér að vera ritari og Sigurbjörg Anna Thor Björnsdóttir tók að sér gjaldkerastarf félagsins.

Stjórnin fundaði 10 sinnum á árinu auk þess sem sérstakir vinnufundir voru haldnir í kringum starfsdaga, ráðstefnu og sérstök erindi sem bárust félaginu. Haldin var ráðstefna og vinnustofa, þar sem áhersla var á Motivational interviewing. Erlendur fyrirlesari og kennari Kansas Cafferty kom og hélt námskeið og voru allir viðburðir vel sóttir. Einnig tók FÁR þátt í vinnu heilbrigðisráðuneytisins við að hæfnisgreina nám áfengis- og vímuefnaráðgjafa og er það ósk félagsins að sú vinna skili sér í auknum tækifærum áfengis- og vímuefnaráðgjafa í námi og starfi. Auk þessara viðburða sem félagið stóð fyrir skilaði félagið af sér umsögnum um hin ýmsu mál er varða fólki með fíknisjúkdóm. Fjórir einstaklingar voru gerðir að heiðursmeðlimum FÁR á árinu fyrir vel unnin störf en það eru þau Helga Óskarsdóttir, Sigurjón Helgason, Sigurður Gunnsteinsson og Gísli Stefánsson.



Deild atvinnubílstjóra Strætó bs

Pétur Karlsson formaður

Deild atvinnubílstjóra Strætó bs var stofnuð formlega á stofnfundi í sal Sameykis á Grettisgötu 89 þann 20. nóvember 2019. Á fundinum var skipuð fjögurra manna stjórn með jöfnu kynjahlutfalli, tveimur konum og tveimur körlum. Pétur Karlsson var kjörinn formaður auk þriggja meðstjórnenda en það eru þau Guðbjörg Karítas Sigurðardóttir, Ágústa Sigurðardóttir og Jónas Jakobsson. Auk þess var tilnefndur einn skoðunarmaður reikninga, Pétur Gunnar Þór Árnason. Undirbúningur og hugmyndir um stofnun deildarinnar fóru að mótask á vordögum 2019. Síðsumars var svo formlega sótt um stofnun deildarinnar til stjórnar Sameykis og var umsóknin samþykkt á haustdögum. Hlutverk deildarinnar snýst fyrst og fremst um að efla réttindi atvinnubílstjóra, auka vægi aukinna ökuréttinda og standa vörð um kjarasamningsbundin réttindi félagsmanna. Deildin lætur sér mjög annt um málefni vaktavinnufólks enda allflestir félagar í deildinni vaktavinnustarfsmenn. Starfsemi deildarinnar hefur verið lítil frá stofnun hennar enda meginkraftur stjórnarmanna farið í kjarasamningaviðræðurnar sem staðið hafa yfir og fundarstörf í kringum þær. Einn stjórnarfundur hefur verið haldinn þar sem aðallega var rætt um tilhögun endurmenntunar atvinnubílstjóra í framtíðinni. Áætlað er að aðalfundur verði haldinn snemma í maí 2020 og aðrir áætlaðir félagsfundir verði þrír á árinu.



Félag heilbrigðisgagnafræðinga

Klara Berglind Gunnarsdóttir ritari HGF.



Samnorræn ráðstefna í Malmö í september 2019.

Starfsárið 2019-2020 var viðburðaríkt hjá Félagi heilbrigðisgagnafræðinga, áður Félag íslenskra læknafræðinga. Áð hausti 2019 hófst kennsla í Heilbrigðisgagnafræði í Háskóla Íslands en námið var áður á framhaldsskólastigi í Fjölbrotaskólunum í Ármúla. Vinna við að koma náminu á háskólastig er lengi búin að standa yfir en skólanefnd á vegum félagsins hefur unnið ötullega að þessu verkefni. Í kjölfarið var nafni félagsins breytt á framhaldsaðalfundi haustið 2019 og ákveðið að láta það heita Félag heilbrigðisgagnafræðinga. Nokkur umræða hefur verið um nýjan starfstítl en nafnið er mest lýsandi fyrir fagið eins og það er í dag og kemur örugglega til með að venjast vel. Um 100 nemendur hófu nám í nýja faginu í haust, bæði starfandi heilbrigðisgagnafræðingar, eða um helmingur, en einnig nýir nemendur og er það fagnaðarefni enda hefur nýliðun verið lítil undanfarin ár.

Félag heilbrigðisgagnafræðinga er fagfélag heilbrigðisgagnafræðinga og heilbrigðisgagnafræðinema en félagsmenn eru í hinum ýmsum stéttarfélagum vítt og breitt um landið. Stjórn HGF er með aðstöðu á Grettisgötu í BSRB húsinu. Núverandi stjórn félagsins er skipuð þeim Hólmfríði Einarsdóttur formanni, Önnu Haarde gjaldkera, Klöru Berglindi Gunnarsdóttur ritara og Sigurbjörgu Haraldsdóttur og Hildi Eyjólfssdóttur meðstjórnendum. Félagsmenn eru ríflega 200.

Starfið hefur verið annasamt undanfarið starfsár enda fylgir ýmislegt þeim breytingum sem orðið hafa undanfarið. Á slíkum tímamótum er uppálagt að endurskoða ýmsa hluti eins og starfstítlinn, nýtt nafn á félagið, sem nú þegar hefur verið breytt, og nú stendur yfir vinna við að endurskoða lög félagsins, siðareglur og merki félagsins. Aðalfundur var haldinn í fundarsal BSRB 15. mars 2019 og framhaldsaðalfundur í lok ágúst. Í september fór nokkur fjöldi félagsmanna á ráðstefnu norrænna læknafræðingafélaga í Malmö en slíkar ráðstefnur eru haldnar á þriggja ára fresti.



Stjórn HGF. Á myndina vantar Hildi Eyjólfssdóttur meðstjórnanda.

Félag heilbrigðisgagnafræðinga hefur verið aðili að NOLO í 25 ár en það eru samtök stjórna félaga læknafræðinga frá öllum Norðurlöndunum ásamt Grænlandi og Færeyjum og var NOLO fundurinn haldinn á sama tíma og ráðstefnan í Malmö. Slíkt norrænt samstarf hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og var sérstaklega gaman að vera fyrsta þjóðin innan samstarfsins sem tókst að koma náminu á háskólastig en það er helsta verkefni allra.

Ekkert fagblað hefur verið gefið út undanfarið en það er von okkar að nýta betur vefinn www.heilbrigdisgagnafrædingur.is eða www.hgf.is sem vettvang fyrir umræður og fréttir. Ritnefnd innan félagsins sér algjörlega um vefinn og ritstýrir efni hans. Á vefnum má finna allar helstu upplýsingar um fagið og félagið og þar má einnig sækja rafrænt um inngöngu í félagið. Auk þess eru langflestir félagsmenn á facebook síðu heilbrigðisgagnafræðinga.

Auk þeirra fagfélaga sem birta hér ársskýrslur sínar er undir merkjum Sameykis starfrækt Fangavarðafélag Íslands og Félag ráðgjafa- og stuðningsfulltrúa.

Félag íslenskra félagsliða

Sara Björg Róbertsdóttir formaður



Félag íslenskra félagsliða er fagfélag á landsvísi og eru félagsmenn í ýmsum stéttarfélögum vítt og dreift um allt landið. Stjórn Félags íslenskra félagsliða er með aðstöðu hjá Sameyki, Grettisgötu 89. Virkir félagsmenn eru u.þ.b. 300 manns. Núverandi stjórn félagsins er skipuð þeim Sigurbjörgu Söru Róbertsdóttur formanni, Kolbrúnu Björnsdóttur varaformanni, Kristbjörgu Óladóttur gjaldkera og Matt-hildi Ómarsdóttur ritara. Meðstjórnendur eru þau Sveinn Pálsson, Sissa Gestsdóttir og Ólóf Sigurðardóttir. Varamaður er Guðrún Geirsdóttir.

Stjórnarstarfið hefur verið mjög viðburðaríkt og að sama skapi mjög áhugavert. Stjórnarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði en þá fer stjórnin vel yfir þau mál sem framundan eru og reynir m.a. að greina hvernig hægt sé að fjölga í félagsliðastéttinni. Félagið hefur undanfarið unnið að breytingu námsins með starfsgreinaráði og Menntamála-stofnun í þeim tilgangi að setja félagsliðanámið upp í þriðja hæfnisþrep og gengur það verkefni mjög vel. Vonumst við til að hægt verði að byrja að kenna nýtt félagsliðanám á þriðja hæfnisþrepi á haustönn 2020.

Félagið er líka mjög stolt af því að í lok árs 2019 voru sendar út dag-bækur til allra félagsmanna sem vakið hefur mikla lukku. Stjórnin hefur því ákveðið að gera þetta á hverju ári.

Félagið fékk heimild til að félagsliðar geti setið námskeið á vegum Framvegis, miðstöð símenntunar og Fræðsluneti Suðurlands. Félagið vill efla félagsmenn í að sækja sér símenntun.

Á haustdögum ár hvert er fræðsludagur Félagsliða. Þetta hefur verið einn stærsti dagur hjá okkur félagsliðum og hefur mætingin verið góð. Fræðsludagurinn síðastliðið haust var haldinn á Fosshótel í Reykjavík og var hann vel sóttur.



Fyrsti félagsfundur á nýju ári 2020 fór fram 20. febrúar s.l. og gekk hann mjög vel. Fengum við Sonju Ýr, formann BSRB, til að ræða um stöðu kjarasamninganna og Flosa frá SGS.

Félagið bauð upp á góðan fyrirlesara, eða hana Önnu Lóu frá Hamingjuhorninu. Félagið vill eindregið efla fræðslu félagsmanna.

Enn er verið að vinna að löggildingu félagsins og hefur stjórn félagsins óskað eftir fundi með heilbrigðisráðherra.

Félag heilbrigðis-ritara



Fríða Kristbjörg Steinarsdóttir formaður

Engin heilbrigðisritari útskrifaðist frá FÁ árið 2019. Sextán nemendur stunda nú námið og áætlað er að fjórir nemendur útskrifist nú í vor. Hætta þurfti við haustferð félagsins vegna lélegrar þátttöku og vonum við að fleiri komist með næst. Í desember ákvað stjórnin að hafa ekki jólafund með tilheyrandi kostnaði heldur ákvað þess í stað að færa Konu-koti fallega blómaskreytingu og veglega gjöf að upphæð kr. 100.000,-. Brynhildur Jensdóttir forstöðukona Konukots tók á móti hluta af stjórninni og sagði frá starfseminni og sýndi gestum húsnaðið. Á myndinni eru auk Brynhildar þær Fríða Kristbjörg Steinarsdóttir formaður, Braghildur Sif Matthíasdóttir varaformaður og Fönn Eyþórsdóttir meðstjórnandi.



Lögfræðileg málefni og dómssmál

Á árinu 2019 þurfti Sameyki að leita lögfræðiaðstoðar vegna nokkurra mála sem voru af ýmsum toga. Við sameiningu SFR og StRv, undir nýju nafni Sameykis, var að mörgu að hyggja og var þess vandlega gætt að samningsréttur gömlu félaganna yrði virtur í höndum hins sameinaða félags. Var það tryggt gagnvart lögum að hið sameinaða félag myndi halda samningsrétti sínum fyrir félagsmenn.

Nokkur mál einstakra félagsmanna voru í vinnslu á árinu. Málin snerust um vangoldin laun, skaðabætur vegna ólögættra uppsagna, bætur vegna vinnuslysa, viðbrögð við áminningum og kærur vegna árása og líkamsmeiðinga af hendi skjólstæðinga. Auk þess kom inn mál vegna myglu á vinnustað þar sem félagið varð að bregðast við til að gæta hagsmuna félagsmanna.

Þá rak félagið einnig mál fyrir Félagsdómi þar sem tekist var á um hvort að auglýstur undanþágulisti frá ríkinu væri gildur, en þann lista auglýsti ríkið þrátt fyrir andmæli Sameykis. Að lokum náðist dómsátt í málinu.

Liðsauki frá RÚV

Félagsmenn Starfsmannafélags RÚV samþykktu í byrjun maí í atkvæðagreiðslu að leggja niður félagið og ganga í Sameyki. Forsaga málsins er sú að Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins gekk í SFR stéttarfélag í júní 2016 með svokallaðri aukaðild en lög SFR voru á þá leið að starfsmannafélag gat átt þar aðild. Við það öðluðust félagsmenn SRÚ full réttindi sem SFR félagar. Við sameiningu SFR og St.Rv. í Sameyki breyttust löginn hins vegar og möguleikinn á slíku formi aðildar var felldur niður.

Erlent samstarf

Fulltrúar Sameykis stéttarfélags sátu ráðstefnu í ágúst í Danmörku á vegum NSO (Nordiska statstjenestemanna organisationen). Innan NSO eru systrafélög Sameykis á Norðurlöndunum sem semja við ríkið. Umræðuefnið er norræna samningsmódelið og jafnréttismál. Þá tók fulltrúi Sameykis einnig þátt í ráðstefnu í Helsinki um skatttekjur og undanskot en Finnar hafa verið ötulir við að vinna gegn ofurhagnaði einkafyrirtækja og skattaundanskotum. Fulltrúar Sameykis tóku einnig á móti ungmennum frá PARAT í Noregi sem hér voru í tengslum við þing ILO (Alþjóðavinnu-málstofnunarinnar) sem haldið var hér á landi í apríl síðastliðnum.



Fulltrúar Sameykis stéttarfélags sátu ráðstefnu vegum NSO í Danmörku í sumar. Frá vinstri: Garðar Hilmarsson varaformaður Sameykis, Elín Helga Sanko stjórnarkona, Árni Stefán Jónsson formaður Sameykis, Sverrir Jónsson formaður samninganefndar ríkisins, Þórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri Sameykis, Pétur Jónasson frá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins, Sólveig Jónasdóttir upplýsingafulltrúi Sameykis, Gunnar Matthíasson stjórnarmaður Sameykis og stjórnarkonurnar Bryndís Theodórsdóttir og Ingibjörg Sif Fjeldsted.

Nordisk tjenestemandsråd eða NTR eru samtök norrænna bæjarstarfsmannafélaga og eru bæjarstarfsmannafélög innan BSRB þátttakaendur í því samstarfi og Sameyki þar með fyrir sína bæjarstarfsmenn. Arna Jakobína Björnsdóttir er formaður í samstarfinu og Jakobína Þórðardóttir er í framkvæmdarhópnum fyrir hönd BSRB félaganna. Haldnar eru ráðstefnur annað hvert ár en á milli þess eru fundir þar sem byggt er upp samstarf milli þjóðanna. Annars vegar eru fundir þar sem formenn koma saman en svo fundar framkvæmdahópur oftast til þess að skipuleggja ráðstefnu og aðra viðburði í ráðinu. Nú stendur yfir skipulagning á ráðstefnu sem verður nk. sumar í Gautaborg í Svíþjóð þar sem fjallað verður um hvernig stéttarfelög takist á við breytingar vegna ört vaxandi notkunar á gervigreind. Framkvæmdahópurinn fundaði hér á Íslandi sl. vor, þar sem fram fór skipulagsvinna en auk þess var formaður BSRB, Sonja Ýr Þorbergsdóttir, fengin í heimsókn.


Fulltrúi Sameykis situr einnig fundi EPSU (Eruopean public service union) sem er vettvangur opinberra starfsmanna í Evrópu og sótti í sumar þing á vegum þeirra í Dublin. Yfirskrift þingsins var Fighting for a future for all.



Það var hressandi að fá heimsókn frá ungum meðlimum í PARAT.

Sumarleiga orlofshúsa 31. maí - 30. ágúst 2019

Nafn eignar	Leigðir dagar	Framboð leigudaga	Nýting %
Akrakot í Biskupstungum	84	91	92%
Akrasel við Álfavatn	91	91	100%
Akureyri	812	847	96%
Arnarstapi Sölvaslóð 7	84	91	92%
Blönduós - Brautarhvamur 25	77	77	100%
Bær III Drangnesi	77	91	85%
Eiðar	409	546	75%
Hólar í Hjaltadal	103	154	67%
Hólasetur í Biskupstungum	84	91	92%
Hólmavík, Lækjartún 7	74	77	96%
Hrísey	104	182	57%
Huldulundur í Aðaldal	84	91	92%
Húsafell	168	182	92%
Illugastaðir	135	140	96%
Krossholt	63	84	75%
Lindarbakki nr: 4	70	91	77%
Munaðarnes	1383	1750	79%
Norðurás í Svínadal	89	91	98%
Reykjavík	282	367	77%
Selásar 20 Borgarbyggð	91	91	100%
Skorradalur	91	91	100%
Spánn	229	273	87%
Súðavík	63	84	75%
Úlfjótavatn	720	1022	70%
Vaðnes	650	728	89%
Samtals	6117	7423	



Orlofsmál

Stjórn orlofssjóðs mótar stefnu um orlofsmál félagsins en framkvæmdanefnd sér um, skipuleggur og framkvæmir samþykktir. Í orlofsstjórn sitja 12 manns: Ólafur Hallgrímsson formaður, Ingunn Hafdís Þorláksdóttir varaformaður og meðstjórnendur eru Viðar Ernir Axelsson og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, sem mynda framkvæmdastjórn. Aðrir í stjórn eru Hafdís Hulda Vilhjálmsdóttir, María Hlín Eggertsdóttir, Olga Gunnarsdóttir, Vilhjálmur Pálmason, Dagrún Dagbjartsdóttir, Stefán Gíslason, Jóhanna Huld Jóhannsdóttir og Ingjaldur Eiðsson. Með stjórn og framkvæmdanefnd starfar af skrifstofu Ása Clausen.

Rekstur og útleiga orlofshúsa Sameykis er einn af mikilvægustu þáttum í þjónustu félagsins við félagsmenn. Félagið á nú 68 orlofshús bæði innanlands og utan. Á vesturlandi eru tvö hús í Húsafelli, tuttugu hús í Munaðarnesi, eitt í Selásum, í Svínadal Hvalfirði, Skorradal og á Arnarstapa. Á Norðurlandi á félagið tvær íbúðir á Akureyri, tvö hús uppi í Hálöndum og eitt hús í Kjarnabyggð. Á Austurlandi á félagið sex hús að Eiðum. Á Suðurlandi eru átta hús í Vaðnesi, tólf hús að Úlfljótsvatni, þrjú hús í Biskupstungum, þ.e. Úthlíð, Hólasetur Fellskoti og Akrakot Reykja-skógi. Fjórar íbúðir í Reykjavík og þrjá eignir á Spáni.

Þá leigði félagið nokkur hús yfir orlofstímann og síðasta sumar voru leigðar 12 orlofseignir víðsvegar um landið. Jafnframt voru tvær eignir í skiptum.

Auk orlofshúsa býðst félagsmönnum ýmsir aðrir kostir s.s. orlofsávisanir, hótelmiðar, gjafabréf í flug, bæði innanlands og erlendis, veiðikort og útilegukort, ásamt hótelmiðum á Hótel Eddu og Íslandshótel FOSS.

Áfram er unnið að endurnýjun orlofshúsa í Munaðarnesi og eru nú þrjú hús í endurnýjun sem koma í leigu til félagsmanna í sumar. Þá fóru fram endurbætur á húsinu í Úthlíð og voru böð, geymsla og þvottahús endurnýjað.

Sameyki gefur út orlofsblað á hverju ári í lok vetrar þar sem fram koma þeir valkostir sem eru í boði fyrir félagsmenn að sumri. Þá skulu félagsmenn alltaf fylgjast með á heimsíðu félagsins en þar geta bæst við eignir sem ekki eru kynntar í orlofsblaðinu.



